

ÁRSSKÝRSLA 2015



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Hluti af starfsfólki safnsins 14. október 2015.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2015.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot og frágangur: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumyndin er tekin í júní 2015 þegar verið var að mála skjöldinn / áklæðninguna utan á Þjóðarbókhöðunni.

Myndir: Helgi Bragason, Ólafur J. Engilbertsson, Ragna Steinarsdóttir, Ingibjörg Bergmundsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA.....	6
Innra starf.....	7
Samskipti við Háskóla Íslands	13
Innlent samstarf	14
Erlent samstarf	17
Samningar	19
SKIPURIT.....	20
REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI	21
Hússtjórn	21
Skjalastjórn og reikningshald	22
Mannauður	22
Sýningar og kynningar	23
Tölvurekstur	25
Upplýsingatækni og vefstjórn	26
AÐFÖNG OG SKRÁNING	28
Aðföng.....	28
Skylduskil	29
Tímarit og staðalnúmer	30
Íslensk skráning og bókfræðistjórn	30
Erlend skráning og bókfræðistjórn.....	31
Gæðastjórn Gagnis.....	31
VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ	32
Forvarsla og bókband.....	32
Myndastofa	32
Handritasafn.....	32
Íslandssafn.....	34
Sérstöfn	34
Kvennasögusafn	35
Tón- og myndsafn	35
Miðstöð munnlegrar sögu	36
ÞJÓNUSTA OG MIÐLUN.....	37
Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla	37
Útlán.....	38
Millisafnalán.....	39
Námsbókasafn.....	39
Landsaðgangur	40
Lokaritgerðir - Skemman	40
Útibú	41
ÁRSTÖLUR	42
1. Starfsstöðvar og útibú	42
2. Þjónusta og notkun	42
3. Safnkostur	46
4. Aðgangur og aðstaða	48
5. Stjórnun og rekstur	49
6. Tekjur og gjöld.....	50
7. Starfsfólk	50

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun. Rekstur safnsins var heldur yfir áætlun samkvæmt ársreikningi 2015. Talsverðar launahækkanir urðu í kjölfar nýrra kjarasamninga en safnið fékk launabætur á móti. Áætlun gerði ráð fyrir 5 m.kr. halla en niðurstaðan var 8.3 m.kr. yfir áætlun. Sértekjur voru hærri en reiknað hafði verið með og skýrist það af styrkjum sem safnið fékk vegna sýningarhalds og viðburða. Þá var sérstöku framlagi, um 40 m.kr. veitt til endurnýjunar loftræsikerfa safnsins, en þeir fjármunir fóru í gegnum Framkvæmdasýslu ríkisins. Ekki var ráðið í störf nema nauðsyn bæri til og ársverkum fækkaði um 0.27. Ferðir og ráðstefnur voru með minnsta móti. Helstu framkvæmdir ársins voru að helmingur rauða skjaldarins utan á Þjóðarbókhöðunni var málaður og reiknað er með að mála hinn helminginn á næsta ári. Þá voru upplýsingaborð og útlánaborð á 2. hæð sameinuð í lok ársins auk þess sem sett var upp sjálfsafgreiðsluvél fyrir útlán og nýtt öryggishlið, stýrikerfi fyrir loftræsikerfin var endurnýjað og nettengingar fyrir gesti eflar.

Umfangsmesta verkefni ársins var innleiðing RDA skráningarreglnanna fyrir bókasöfn í samstarfi við Landskerfi bókasafna og fjölmörg önnur bókasöfn, en gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki um mitt ár 2016. Meðal annarra stórra verkefna var opnun sýningarinnar *Vér heilsum glaðar framtíðinni* og málþing 16. maí í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt, auk þess sem opnaður var vefurinn *konurogstjornmal.is*. Annað stórt sýningarverkefni var þátttaka í undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar *Sjónarhorn* í Safnahúsinu, en að henni stóðu helstu menningarstofnanir ríkisins. Skipurit var endurskoðað og einnig starfsmannastefna og fræðslustefna. Fyrirlestraröð um íslenska bóksögu var haldið áfram veturinn 2015-2016, unnið var að

undirbúningi fyrir varðveislusafnið Opin vísindi og nýtt rannsóknagagnasafn (CRIS) fyrir Ísland.

Meðal sérstæðra viðburða má nefna að í kjölfar breytinga á almennum hegningarlögum var opnað fyrir 2. tbl. 43. árg. tímaritsins *Spegillinn* frá 1983, bæði á *timarit.is* og í pappírformi, en sett var lögbann á blaðið á sínum tíma vegna guðlasts.

Haldið var upp á tvö afmæli á árinu, 75 ár voru síðan Háskólabókasafn var sett á fót þann 1. nóv. 1940 og 40 ár voru liðin frá því að Kvennasögusafn var stofnað þann 1. jan. 1975.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2005 er lögð áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Rætt hefur verið um endurskoðun samningsins en ekki orðið af því. Áherslur í samningnum eru einkum tvenns konar, *Stafrænt þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknabókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Vefurinn Hljóðsafn var opnaður 1. des. 2014 en í árslok voru þar 17.869 hljóðskrár, bæði tónlist og talað mál, en lítill hluti er aðgengilegur utan safnsins. Alls voru myndaðar á árinu um 215 þús. bls. en færri starfsmenn unnu að mynduninni en áður. Heildarfjöldi myndaðra síðna á *timarit.is* fór yfir 5 milljónir í lok árs. Á vefnum *handrit.is* eru rúmlega 1900 mynduð handrit, alls um 434 þús. bls. og á *bækur.is* eru tæplega 1.200 rit eða um 373 þús. bls. Íslensk bókaskrá 1534-1844, sem einnig var opnuð 1. des. 2014, var tengd við *bækur.is*, þannig að nákvæmar bókfræðifærslur tengjast hverri bók. Á *íslandskort.is* eru 771 kort frá árunum 1544-1951 og yfir þúsund útgáfur. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *timarit.is*, en sóst er eftir ritrýndum íslenskum tímaritum og tímaritum sem koma ekki lengur út.

Móttaka og söfnun stafræns íslensks efnis

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Nú eru rúmlega 3.405 milljónir skjala í safninu eða um 71 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyrir .is voru í árslok um 54 þúsund.

Rafhladan.is, er varðveislusafn fyrir útgæfið íslenskt efni sem verður til stafrænt. Efnið er ýmist sótt af starfsmönnum safnsins eða að stofnanir einstaklingar og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu eru nú um 9.000 einingar.

Skrár og gagnagrunnar

Safnið tekur virkan þátt í þróun *gegnir.is*, sem er bókasafnskerfi flestra bókasafna hér á landi og *leitir.is* er leitarvél sem veitir upplýsingar um fjölbreytt efni. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi. Efnið kemur frá bókasöfnum og fleiri aðilum og á næstu árum er stefnt að því að taka inn efni frá minjasöfnum og skjalasöfnum.

Í Lykilskrá, sem opnuð var í fyrra eru nú um 11.000 efnisorð og 78.600 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

Vefurinn *einkaskjal.is* var opnaður og um 200 skráningar voru komnar inn um áramót. Þá var opnaður vefurinn *einkaskjalasafn.is*, sem er hýstur hjá Þjóðskjalasafni, en þar er samskrá íslenskra skjalasafna. Alls voru komnar um 5000 færslur í árslok.

STAFRÆNT

RANNSÓKNABÓKASAFN

Landsaðgangur – hvar.is

Samið var til eins árs vegna *EBSCOhost Premier*, *ProQuest Central*, *SAGE Premier* og *Morgunblaðsins*. Þá var samið við *Web of Science* til fjögurra ára. Áskrift að *Oxford Music Online* var hætt í lok árs 2015. Eitt helsta samningsmarkmiðið var að halda hækkunum milli ára í skefjum og tókst það nokkuð vel. Heildarnotkun á efni Landsaðgangs var svipuð og á síðasta ári, en notkun á gagnasöfnun dalar.

Ákveðið var að taka þátt í SCOAP3 verkefninu um opinn aðgang (OA) að greinum í tíu tímaritum um kjarneðlisfræði í samvinnu við CERN í Sviss.

Lýsigögn *ProQuest* urðu aðgengileg í *leitir.is* í gegnum Primo Central Index 2014, en *EBSCO* hefur ekki enn gert samninga við *ExLibris*.

Íslenskir háskólar veita aðgang að áskriftum Landsaðgangs og eigin séráskriftum í gegnum skrána *Finna tímarit*, sem byggir á tímaritalista SFX Classic krækjukerfisins, en lýsigögnin liggja í Primo Central Index. Megnihluti efnisins er einnig aðgengilegur í *leitir.is* og og þar er boðið upp á bX ábendingaþjónustuna sem vísar á skylt efni. Öll þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna.

Vefir og samfélagsmiðlar

Í árslok rak safnið 22 vefi eða vefþjónustur og eru sumir samstarfsverkefni og hafa sitt útlit. Notkun vefjanna er nú mæld með Google Analytics. Heildarnotkun er svipuð og á síðasta ári, en að meðaltali voru samanlagt um 5.500 heimsóknir, sem skiluðu 27.000 síðum til notenda á dag árið 2015. Notkun í gegnum snjalltæki er um 19%, en misjöfn eftir vefjum.

Safnið er með Fésbókarsíðu til að kynna viðburði og ýmislegt sem er á döfinni og eru um 2300 vinir á

henni. Tíu aðrar einingar halda úti síðum á Fésbók. Einnig var stofnaður Twitter reikningur og Instagram síða fyrir myndir. Þá geta notendur Uglu, innri vefs Háskóla Íslands, bætt safninu við forsíðuna hjá sér, fengið fréttir safnsins og tengla á helstu úrræði í heimildaleit.

Áttavitinn

Áttavitinn er ný þjónusta fyrir háskólanema og fræðimenn á vef safnsins, en það eru leiðarvísar sem vísa á ýmis hjálpargögn fyrir heimildaleit, tengla við gagnasöfn og fræðsluefni. Þar eru nú 39 leiðarvísar.

Skemman

Safnið rekur *skemman.is* sem er opið varðveislusafn fyrir námsritgerðir nemenda og rannsóknarit starfsmanna íslenskra háskóla. Um áramót voru í Skemmuni rúmlega 22.000 verk.

Opinn aðgangur (Open Access)

Samkvæmt reglum Rannís frá 2013 skulu niðurstöður rannsókna sem fá styrk, birtar í opnum aðgangi. Rannís vísaði á Skemmuna og safn Landspítalans, Hirsluna, sem varðveislusöfn, en Skemman stenst ekki kröfur m.a. um OpenAIRE frá Evrópusambandinu. Aðrir sjóðir gera einnig kröfur um birtingar í viðurkenndum söfnum. Aftur var frestað gildistöku stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum sem samþykkt var 2014, m.a. vegna þess að skólinn hafði ekki yfir varðveislusafni að ráða sem stæðist allir kröfur. Síðari hluta árs fól rektor HÍ safninu að setja á fót nýtt varðveislusafn fyrir vísindagreinar og annað efni í opnum aðgangi. Frumútgáfa af Opin vísindi var komin upp í lok árs.

Rannsóknagagnasafn (CRIS)

Áfram var unnið að CRIS kerfi (Current Research Information System) eða rannsóknagagnasafni til að halda utan um fjármögnun vísindastarfs og birtingar íslenskra vísindamanna. Mennta- og menningarmálaráðuneytið réð verkefnisstjóra og haldnir voru kynningarfundir með helstu hagsmunaaðilum. Áhugi er fyrir því að Lbs-Hbs taki að sér umsjón með skráningu upplýsinga í kerfið og varðveislu gagna.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að innan safnsins, auk þess sem birtar eru lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRNSÝSLA

STJÓRN

Skipunartími stjórnar safnsins er frá 15. október 2014 til 14. október 2018. Í henni sátu Ágústa Guðmundsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Elín Soffía Ólafsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Hrafn Loftsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Kristín Svavarsdóttir tilnefnd af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Sveinn Ólafsson, tilnefndur af Upplýsingum og Rósa Bjarnadóttir tilnefnd af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sátu Arna Hauksdóttir, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Marta Kristín Lárusdóttir, Karl Andersen, Margrét Sigurgeirsdóttir og Birgir Símonarson. Birgir lét af störfum í safninu á árinu og Hrafn H. Malmquist tók við sem varamaður starfsfólks. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru 9 stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á Inngangi, og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjóri, Áslaug Agnarsdóttir, Edda G. Björgvinsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson. Halldóra lét af störfum sem sviðsstjóri Miðlunarsviðs í lok apríl. Þá voru Þjónustusvið og Miðlunarsvið sameinuð og er Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri. Vigdís Edda Jónsdóttir mannauðsstjóri tók formlega sæti í framkvæmdaráði frá og með 1. maí. Framkvæmdaráð fundaði 31 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á Inngangi.

LAGAUMHVERFI

Engar breytingar voru á lagaumhverfi safnsins á árinu. Lögð voru fram þrjú frumvörp um breytingar á höfundalögum á vörþingi, en þau náðu ekki fram að ganga. Þau voru lögð fram aftur á haustþingi en vinnu við þau var ekki lokið um áramót.

STEFNUMÓTUN

Í stefnu safnsins 2013-2017 *þekkingarveita í allra þágu* voru sett fram 61 stefnumál til næstu ára, en þau skiptast í átta málaflokka. Til að vinna að þeim voru skilgreind 213 verkefni. Í árslok var lokið við 63 verkefni eða um 30%. Fræðslustefna var endurskoðuð og einnig starfsmannastefna safnsins, sem var einfölduð m.a. vegna nýju fræðslustefnunnar og jafnréttisstefnu safnsins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samvinnu við sveitarfélög og skóla setti af stað átakið *Þjóðarsáttmáli um læsi*, með það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskólans lesið sér til gagns. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í kjölfar *Hvítbókar um umbætur í menntun* frá 2014. Gert er ráð fyrir að framlag ráðuneytisins verði í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimunar og aukins samstarfs við foreldra. Ekki var haft samráð við bókasöfn eða samtök þeirra við skipulagningu átaksins.

Háskólaráð HÍ samþykkti 2014 stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum. Ennfremur voru samþykktar verklagsreglur um birtingu vísindagreina í opnum aðgangi. Gildistöku stefnunnar var frestað út árið 2015. Gert var ráð fyrir samráði við Lbs-Hbs um framkvæmdina, m.a. um rekstur varðveislusafns á borð við Skemmuna og hófst sú vinna síðla árs, en *opinvísindi.is* voru opnuð í árslok.

Undirbúningur að nýrri stefnumótun HÍ 2016-2021 hófst seinni hluta árs. Unnar voru tillögur ásamt bókasafni Menntavísindasviðs og sendar stefnumótunarnefnd.

SKIPURIT

Nýtt skipurit tók gildi 1. maí 2015 þegar Þjónustusvið og Miðlunarsvið voru sameinuð. Tvær einingar fóru á önnur svið, en sýningarhald var sameinað Rekstrarsviði og tímaritahald varð hluti af Aðfangasviði (sjá bls. 20).

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN

Framlag til safnsins á fjárlögum 2015 og vegna rannsóknaleyfa og kjarasamninga var 860.6 millj. kr. Það er nokkur hækkun frá fyrra ári sem að meginhluta skýrist af launa- og verðlagshækkunum. Við það bættust síðan framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs o.fl. þannig að heildartekjur safnsins voru 1.094.3 millj. kr. Laun hækkuðu vegna nýrra kjarasamninga og aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði einnig. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir 5 millj. kr. halla en niðurstaðan varð hinsvegar neikvæð um 8.3 millj. kr.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Unnar voru verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og venja er. Alls voru 314 verkefni á áætlun og mörg tengd stefnu safnsins. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við um 57.3% verkefna, en 12.1% voru enn í vinnslu, en á áætlun í árslok. Hætt var við 6% verkefna eða þeim breytt, en önnur verkefni voru ekki á áætlun eða í bið.

FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Á síðasta ári var samið við fræðslusetrið Starfsmennt um gerð fræðsluáætlunar fyrir safnið og hæfnigreiningu fyrir starfsfólk. Verkefnið var styrkt af Starfsmennt og Starfsþróunarsetri háskólamanna. Ráðgjafarnir skiluðu fræðslu- og starfsþróunaráætlun og námskeiðsáætlun fyrir næstu ár.

Tvö fyrstu námskeiðin voru haldin í febrúar, en Ingrid Kuhlmann var með námskeiðin *Sterk liðsheild og jákvæður starfsandi* og *Sjálfeðling og starfsánægja*. Í mars var Guðrún Sederholm með námskeiðið *Ákvarðanatataka og lausnamiðuð nálgun* og Gunnar Jónatansson með námskeiðið *Verkefna- og tímastjórnun*. Á haustönn hélt Guðrún Sederholm námskeiðið *Að takast á við breytingar* í sept. og Halldór Kristjánsson hélt kynninguna *Windows 10 og breytingar á Office 2016*.

Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu. Þá hefur færst í vöxt að starfsmenn sækja sér fræðslu um nýjungar á s.k. vefþingum (webinars) á vegum erlendra aðila s.s. ExLibris og ALA (American Library Association).

Þá sinnti starfsfólk safnsins fræðslu líkt og undanfarin ár og kynnti rannsóknarleyfi og fagsviðin kynntu öll starfsemi sína.

NÁMSLEYFI

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011 hefur starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til að stunda endurmenntun eða framhaldsnám enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar eða starfsmanns. Safnið hefur mótað reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Birgir Björnsson fékk styttra námsleyfi til að sækja námskeiðið *Starfendarannsóknir* á vorönn 2015, sem hluta af meistaranámi í upplýsingafræði við HÍ.

RANNSÓKNARLEYFI

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknaleyfi með nokkurra ára millibili. Ragna Steinarsdóttir fékk fékk einn mánuð til að kynna sér nafnmyndastjórnun (authority control) í bókasafnskerfum, nýjar skráningarreglur (RDA) sem eru í innleiðingarferli hér á landi og samþætta lýsigagnaskráningu alls efnis í einum gagnagrunni í British Library í London og Kungliga biblioteket í Stokkhólm. Rósfríður Sigvaldadóttir fékk einnig mánuð til að kynna sér innleiðingu nýrra skráningarreglna (RDA) í British Library í London og Det kongelige bibliotek í Kaupmannahöfn.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Málþing í tengslum við sýningar voru um Hafstein Guðmundsson bókagerðarmann, Spánverjavígin 1615, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags, Trausta Vals-son skipulagsfræðing, nóbelsverðlaun Halldórs Laxness 1955 og framúrstefnuljóð, prenttilraunir og bókverk (sjá bls. 23-25).

Kynning á rannsóknarleyfi

Guðmundur Ingi Guðmundsson sagði frá rannsóknarleyfi sínu 2014 þann 15. jan. Hann heimsótti háskólabókasöfn í Lundi og Kaupmannahöfn, bókasöfn Framkvæmdastjórnar ESB í Brussel, útgáfustofu ESB og bókasafn Evrópudómstólsins í Luxemborg og Peace Palace bókasafnið, bókasafn Alþjóðaglæpadómstólsins og Eurojust í Haag. Guðmundur kynnti sér þá þjónustu sem bókasöfnin bjóða uppá og hvernig þau bregðast við rafrænni þróun í útgáfu, hvernig söfnin koma rafræna efninu á framfæri, viðhorf gagnvart rafráttum o.p.h.

Kallað eftir skjölum kvenna - átak

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, efndu Lbs-Hbs, Þjóðskjalasafn Íslands og héraðs-skjalasöfnin til þjóðarátaks um söfnun á skjölum kvenna og hvöttu landsmenn til að afhenda þau á skjalasöfn. Átakið hófst 19. mars í Þjóðarbókhöfðu, en þá afhenti Gerður Kristný rithöfundur handritasafni teikniblokk, sem hún notaði þegar hún vann að bókinni *Blóðhófnir*. Halldóra Kristinsdóttir gerði grein fyrir átakinu, Njörður Sigurðsson sagði frá skjölum kvenna í Þjóðskjalasafni, Svanhildur Boga-dóttir sagði frá skjölum kvenna í Borgarskjalasafni og Auður Styrkarsdóttir, sagði frá skjölum Ingi-bjargar H. Bjarnason, sem nýverið voru afhent.

Handritamenning síðustu alda - málþing

Þann 9. maí var haldið málþing um niðurstöður fjögurra stórra rannsóknaverkefna styrkt af Rannís á árunum 2010–15, sem safnið hefur átt aðild að. Verkefni eru: *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmenning síðari alda*, *Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti*, *Kvæðabók sr. Ólafs Jónssonar á Söndum* og *Margbreytileiki Njáls sögu*. Verkefni beinast að handritamenningu 17., 18. og 19. aldar, en rannsóknirnar voru á vegum Stofnunar Árna Magnússonar, Árnasafns í Kaupmannahöfn og ReykjavíkurAkademíunnar, með aðild Lbs-Hbs.

Innleiðing RDA – fræðslufundur

Þann 21. maí var haldinn heils dags fræðslufundur um nýjar skráningarreglur, Resource description and access (RDA) sem verið er að innleiða í skráningarheiminn og einnig á Íslandi. Fundurinn var haldinn í Bratta í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Rúmlega 100 manns tóku þátt, þar af 22 frá Lbs-Hbs. Aðalfyrirlesari var Alan Danskin frá British Library. Hann hefur verið í framvarðarsveit þróunar RDA frá upphafi og aðstoðað söfn um allan heim við innleiðingu og kennslu RDA.

Springer Roadshow

Timon Oefelein og Monique van de Kamp frá útgáfufyrirtækinu Springer voru með kynningu 29. sept. á nýjungum frá Springer. Í fyrri hluta var fjallað um leitartækni og áhrifastuðulinn Altmetrics og í seinni hluta notkunartölur.

Bókin í rafheiminum - málþing

Þann 2. okt., á öðrum degi Lestrarhátíðar í Reykjavík, var haldið málþing um framtíð bóka á íslensku í stafrænum heimi, í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns. Þingið var samstarfsverkefni Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra bókaútgefenda, Hagþenkis, Lbs-Hbs, Borgarbókasafns, Miðstöðvar íslenskra bókmennta og Reykjavíkur Bókmenntaborgar

UNESCO. Markmiðið var að skoða stöðuna á íslenskum bókamarkaði og velta vöngum yfir því sem framtíðin gæti borið í skauti sér. Landsbókavörður var með erindi um stafrænt efni í Lbs-Hbs og kaup á rafbókum. Á eftir erindum voru pallborðsumræður og sköpuðust líflegar umræður. M.a. var tilkynnt um fyrirhugaða vinnu við útlán rafbóka í íslenskum bókasöfnum og um íslenskar rafbækur á Amazon.

Minni, frásögn og munnleg saga - ráðstefna

Ráðstefnan *Minni, frásögn og munnleg saga* var haldin 8. okt. en að henni stóðu Miðstöð munnlegrar sögu og Sagnfræðistofnun HÍ. Þar var fjallað um samspil minnis, minninga og munnlegrar sögu og hvernig fræðimenn hafa glímt við það í eigin rannsóknum. Sérstakur gestur var Mats Greiff, prófessor við Malmö Högskola, sem ræddi um munnlega sögu sem aðferð við að skoða söguna „neðan frá“ og tengsl hennar við kyngervi, stétt, þjóðerni og kynslóðir. Auk Greiffs fluttu stutt erindi: Guðmundur Jónsson, Halldóra Kristinsdóttir, Íris Ellenberger, Nína Rós Ísberg, Sólrún Jóhannesdóttir, Þorsteinn Helgason og Örn Hrafnkelsson.

e-books – málþing

Þann 13. okt. bauð útgáfurisinn Elsevier til málþings á Hótel Sögu í samvinnu við Lbs-Hbs, um rafbækur í vísindum og tækni, undir heitinu *eBooks: Putting Librarians, Students and Researchers „In the Know“*. Starfsmenn Elsevier fjölluðu um áætlanir fyrir-tækisins um útgáfu rafbóka og upplýsingaöflun sem notuð er til að stýra útgáfunni. Sannie H. Christensen frá bókasafni Danmarks Tekniske Universitet sagði frá innkaupum á rafrænu efni fyrir DTU og þeim aðferðum sem notaðar eru við að ákveða innkaup, Þóra Gylfadóttir sagði frá verkefni um útlán á rafbókum hjá Landskerfi bókasafna og Birgir Björns-son sagði frá rafbókum í Landsaðgangi.

Frágangur einkaskjala - námskeið

Handritasafn bauð upp á námskeið fyrir almenning um frágang einkaskjalasafna í fyrirlestrarsal 3. nóv., í tengslum við söfnunarátakið *Kallað eftir skjölum kvenna*. Farið var yfir hvernig eigi að ganga frá skjölum til afhendingar, hvert hægt sé að afhenda einkaskjalasöfn og hvers konar skjölum söfn hafa áhuga á að taka við. Einnig var fjallað um hvernig best er að ganga frá efninu áður en það er afhent og forskráningu sem almenningur getur unnið.

Opin rannsóknagögn - málþing

Málþingið *Opin vísindi – hvað verður um rannsóknargögnin þín?* var haldið 11. nóv. í samstarfi bókasafns Landspítala og Lbs-Hbs. Sólveig Þorsteinsdóttir opnaði málþingið en aðalfyrirlesari var Stuart Lewis frá bókasafni háskólans í Edinborg. Hann sagði

frá reynslu háskólans við að koma á nýjum aðferðum við gagnastýringu og innleiðingu opins aðgangs. Þá sagði Ólafur Þ. Harðarson frá Íslensku kosningarannsókninni 1983-2013 en gögn varðandi hana eru opin öllum, Guðlaug Þóra Kristjánsdóttir ræddi um opnun rannsóknagagna, Kristín Vogfjörð sagði frá opnun aðgangs að jarðvísindagögnum í Evrópu og Jón Atli Benediktsson fjallaði um varðveislu rannsóknagagna við HÍ og þær áskoranir sem skólinn og fræðasamfélagið standa frammi fyrir.

Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara Gegnis var haldinn 13. nóv. Um 80 manns sóttu fundinn og voru erindin fjölbreytt þó flest hafi á einhvern hátt tengst nýju RDA skráningarreglunum. Fjallað var um stöðuna í innleiðingunni og RDA skráningarnámskeið, þýðingar, kerfisbreytingar – nýtt útlit á *gegnir.is*, fyrirhugaðar breytingar á *Handbók skrásetjara* (HASK) og tónlistarskráningu út frá RDA.

Afmæli safnsins - 1. des

Haldið var upp á afmæli safnsins þann 1. des. að venju. Landsbókavörður fór yfir nokkur verkefni sem unnið er að og sagði einnig frá hvernig gengur að framfylgja stefnu safnsins. Þá voru skoðaðar sýningar í safninu og að lokum farið í afmæliskaffi.

Kvennasögusafn 40 ára

Jólafundur Kvennasögusafns og Kvenréttindafélags Íslands 5. des. var helgaður minningu Önnu Sigurðardóttur og félagsskapnum Úrnar. Kvennasögusafn fagnaði á árinu 40 ára afmæli sínu, en það var stofnað af Önnu Sigurðardóttur sem var öflug í starfi Kvenréttindafélagsins. Anna hvatti ungar stúlkur til þess að stofna félagsskapinn Úrnar, og þær létu til sín taka í jafnréttisumræðunni á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Þórunn María Örnólfsdóttir sagði frá ævi Önnu, Ásdís Skúladóttir, Gullveig Sæmundsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir sögðu frá Úunum og Svava Bernharðsdóttir og Kristín Valsdóttir léku fyrir gesti á víolu og harmonikku.

Fyrirlestraröð um íslenska bóksögu

Bragi Þorgrímur Ólafsson skipulagði fyrirlestraröð um íslenska bóksögu í Þjóðarbókhöðun veturinn 2014-2015. Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar. Bragi fékk aftur styrk úr sjóðnum vegna nýrrar fyrirlestraröðar veturinn 2015-2016.

Þann 6. janúar fjallaði Jökull Sævarsson um *Íslenska bókaskrá 1534-1844*. Jökull sagði frá vinnu við skrána í safninu, en hún hefur staðið með hléum í meira en 50 ár, og því verkefni að koma skránni yfir á tölvutækt form. Árið 2005 var þráðurinn tekinn upp á ný og ákveðið að birta hana með stafrænum

hætti og veita aðgang að henni á vefnum. Skráin var formlega opnuð á afmæli safnsins 1. des. 2014.

Þann 3. febr. fjallaði Rannver H. Hannesson um viðgerðarsögu bóka og handrita í Lbs-Hbs. Rannver ræddi um aðferðir sem notaðar voru við bókbönd og forvörslu á ýmsum tímabilum og hvernig notkun efna og tækni hefur breyst í gegnum tíðina.

Þann 4. mars hélt Davíð Ólafsson erindi um *Prestævir* Sighvats Grímssonar Borgfirðings. Í erindinu sagði Davíð frá Sighvati og fræðastörfum hans, en afrakstur þeirra var m.a. handskrifað verk í 22 bindum yfir ævir íslenskra presta í aldanna rás. Unnið er að myndun og skráningu á verkinu til birtingar á *handrit.is*.

Þann 1. apríl hélt Erla Hulda Halldórsdóttir erindið *Tvö marklitol bréf : hugleiðingar um virði bréfa og samhengi sögunnar*. Hún fjallaði um tvö bréf sem fundust bundin inn í bók í handritasafni og reyndust skrifuð af systrunum Sigríði og Þórunni Pálsdætrum árið 1820 til bróður þeirra Páls stúdents. Bréfin varpa ljósi á lærdómsferli systra í samfélagi þar sem skriftarkunnátta var mikilvæg, en einnig sögu og samskipti fjölskyldu.

Þann 6. maí hélt Guðrún Ingólfsdóttir erindið *Flett ofan af fortíðinni : leit að handritum kvenna*. Hún sagði frá rannsókn sinni á bókmenningu kvenna frá miðöldum og til 1730. Þar er átt við bóklega iðju kvenna, sem skrifara, eigenda og lesenda handrita. Handrit kvenna eru illa skráð og því hefur reynst nauðsynlegt að kafa ofan í handritamergðina til að leita þeirra. Sagt var frá tveimur handritum sem eru afrakstur þessarar leitar.

Í nýrri fyrirlestraröð sem hófst um haustið reið Már Jónsson á vaðið 23. sept. og fjallaði um bækur og handrit í dánarbúum 18. og 19. aldar. Eftir að hafa farið yfir skrár sem til eru hundruðum saman yfir eftirlátnar eigur fólks kemur í ljós að guðsorðabækur voru nærri einráðar í landinu, veraldleg rit aðeins til á efnaheimilum og handrit einungis í fórum presta og sýslumanna.

Þann 7. okt. flutti Sigríður Hjördís Jörundsdóttir erindið *Á jaðri samfélagsins : utangarðs í handritasafni*. Erindið var unnið í tengslum við bók hennar og Halldóru Kristinsdóttur, *Utangarðs? Ferðalag til fortíðar* sem kom út um jólin 2015, en byggir á samnefndri sýningu sem haldin var í safninu 2013.

Sigurður Gylfi Magnússon flutti erindið *Sparðatínur : berfættir sagnfræðingar og þekking* 2. nóv. Hann ræddi um hlutverk bókmenningar á 19. öld og framleiðslu handritaðs efnis á þeim tíma.

Þann 2. des. hélt Kristín Bragadóttir erindi um fágætisbækur í safni Willard Fiske. Safn hans í Cornell er næst stærsta safn íslensks prents utan Íslands. Hann eignaðist margt fágætra rita, m.a. rit sem hvorki eru til í Lbs-Hbs né í Kaupmannahöfn, kallaðar eindæmabækur. Fiske var fyrstur til að gera vandaðar skrár yfir íslenskan ritakost og hafa þær verið notaðar til dagsins í dag.

ÚTGÁFA

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest í raf-rænu formi. Bæklingar og kynningarefni er unnið í prentuðu formi en margir bæklingar eru aðgengi-legir á vef safnsins. Einnig allar ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007. Auk þess er *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á vefnum *timarit.is*.

Sýningarskrár

Sýningarskrár voru gefnar út vegna sýninga um Hafstein Guðmundsson, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, Stein Steinarr og 200 ára afmæli Biblíufélagsins. Bæklingar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur Engilbertsson.

Stafræn menning 2014

Skýrslan *Stafræn menning* með niðurstöðum úr Enumerate, evrópskri könnun um stafrænan safnkost menningarstofnana árið 2014, kom út í mars 2015. Lbs-Hbs sá um framkvæmd könnunarinnar hér á landi og var Hrafn H. Malmquist tengiliður við Enumerate í Evrópu. Könnunin er tilraun til þess að leggja mat á hvernig menningarstofnunum gengur að miðla stafrænu efni og varðveita það. Niðurstöður lágu fyrir vorið 2014 og eru aðgengilegar á vef [Enumerate](#). Í skýrslunni eru niðurstöðurnar teknar saman og rýnt í stöðuna á Íslandi (sjá bls. 29).

Ný skýrsluröð

Stafræn menning er fyrsta skýrslan í nýrri skýrsluröð á vegum safnsins, sem verður eingöngu birt á vef. Þar geta starfsmenn komið á framfæri upplýsingum um verkefni sem eru í vinnslu í safninu.

Handbók skrásetjara

Byrjað var að uppfæra *Handbók skrásetjara* *Gegnis* í samræmi við RDA reglunar síðari hluta árs.

Wiki-handbækur á Inngangi

Áfram var unnið að því að setja ýmsar handbækur og vinnureglur í Wiki-handbækur á Inngangi. Nú er komið efni í níu bækur og fleiri eru í undirbúningi.

Utangarðs

Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörunds-dóttir gáfu út bókina *Utangarðs: ferðalag til for-*

tiðar, en myndskreytingar eru eftir Halldór Baldursson. Bókin er byggð á samnefndri sýningu sem haldin var í safninu 2013. Safnið styrkti útgáfu bókarinnar.

Þá voru gefnir út eða endurskoðaðir leiðbeininga-bæklingar á vegum þjónustusviðs og leiðbeiningar um frágang einkaskjala á vegum handritasafns.

Nýir vefir og vef þjónustur

Inngangur, innri vefur safnsins, var endurskipu-lagður og útliti breytt.

Þá var opnaður nýr vefur *konurogstjornmal.is* í maí í tengslum við 100 ára afmæli kosningaréttar. Vefnum er ætlað að rekja sögu kosningaréttar íslenskra kvenna og fjalla um stjórnmálaþátttöku þeirra ásamt því að gera kvennabaráttu og jafnréttis-baráttu skil.

Vefurinn *einkaskjol.is* var opnaður en um áramót voru komin um 200 söfn í hann frá Miðstöð munnlegrar sögu, Kvennasögusafni og Handritasafni.

Þá var í apríl opnaður vefurinn *einkaskjalasafn.is* sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi. Vefurinn er samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna og er vistaður hjá ÞÍ. Um áramót voru þar upplýsingar um 5000 einkaskjalasöfn frá 19 vörslustofnunum.

Vefurinn *innansveitarkronika.is* var opnaður í maí en þar er aðgengileg bókin *Innansveitarkronika* eftir Halldór Laxness og ýmislegt efni tengt henni. Tilgangurinn er að miðla skáldverki eftir Halldór Laxness á nýstárlegan hátt og varpa ljósi á tengsl verka hans við heimasveit skáldsins, Mosfellssveitina. Vefurinn byggir á samstarfi Gljúfrasteins, Lbs-Hbs, RÚV, Forlagsins, Verkfræði og náttúruvísindasviðs HÍ og fjölskyldu Halldórs Laxness.

Síðari hluta árs var vefurinn *hallgrimurpetursson.is* fluttur frá RÚV til Lbs-Hbs. Hann var unninn að frumkvæði Ríkisútvarpsins og var samvinnuverkefni RÚV, Stofnunar Árna Magnússonar og Lbs-Hbs. Vefurinn kom út í sinni fyrstu útgáfu 9. febrúar 1998, en síðast uppfærslan var gerð 2014.

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 22 vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics. Modernus hefur einnig talið nokkra vefi safnsins frá því í október 2004. Heimsóknir standa í stað milli ára og voru tæplega 2 millj. og síðuflettingar eru einnig svipaðar og á síðast ári, eða um 9.8 millj. Á lista Modernus yfir mest sóttu íslensku vefina árið 2015 var *timarit.is* í 35. sæti, *skemman.is* í 47. sæti, *landsbokasafn.is* í 88. sæti og *hvar.is* nr. 105. Einnig má nefna að *gegnir.is* var í 63. sæti og *leitir.is* í 71. sæti. Því má segja að þjónusta bókasafna á vefnum sé mikið notuð. *Timarit.is* er langvinsælasti vefur safnsins en *skemman.is* er í öðru sæti. Þá kemur

aðalvefurinn og *hvar.is* en vefirnir *vefsafn.is*, *handrit.is* og *bækur.is* njóta einnig talsverðra vinsælda. Notkunin þeirra mun væntanlega aukast í takt við aukið efni. Nýr vefur í talningu er *Konur og stjórn-mál*. Heimsóknir á vefina í gegnum snjalltæki hafa aukist og eru nú um fimmtungur.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Starfsmenn safnsins nota samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum, viðburðum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Ellefu síður eru á Fésbók, einn reikningur á Twitter og einn á Instagram. Sú síða var opnuð í apríl og þar eru settar myndir úr starfsemi safnsins. Nýjasta fésbókarsíðan er *jonashallgrimson.is* sem var opnuð á Degi Íslenskrar tungu 16. nóvember. Fésbókarsíðurnar eru (fylgjendur um áramót innan sviga):

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (2338)
Handritasafn (1287)
Tón- og myndasafn (867)
Kvennasögusafn (766)
Tímarit.is (506)
Bækur.is (357)
Konur og stjórn-mál.is (289)
Miðstöð munnlegrar sögu (268)
Íslandssafn (252)
Landsaðgangur – *hvar.is* (204)
jonashallgrimson.is (31)

Hópar hafa einnig búið til fésbókarsíður s.s. *RDA-skráning á Íslandi* (78) og *Starfsmenn. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (51). Þá hafa verið búnir til viðburðir á Fésbókinni í tengslum við sýningar og opnanir.
Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem viðruð eru ýmis vandamál og lausnir um vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>

Í VIKULOKIN

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Mennta-vísindasviðs. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 36 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á Innangang.

STYRKIR

Safnið og/eða starfsmenn þess fengu nokkra styrki á árinu:

Bóksögu og kortarannsóknir - fyrirlestraröð

Bragi Þ. Ólafsson fékk aftur styrk að upphæð 200.000 kr. úr rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar til að halda úti fyrirlestraröð um íslenska bóksögu. Þá fékk Sumarliði Þ. Ísleifsson einnig styrk úr sama sjóði til að skrá og rannsaka myndefni um Ísland í erlendum ritum og mun hann vinna að verkefninu í safninu.

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Eins og sagt var frá í *Ársskýrslu 2014* veitti Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna safninu 13 millj. kr. styrk vegna sýningar um sögu kosningaréttar á Íslandi og sérstaklega kosningaréttar kvenna, auk kvennabaráttu og jafnréttismála. Sýningin var opnuð í maí. Styrkurinn var einnig notaður til að halda málþing og setja upp nýja vefsíðu um sögu kosningaréttar, *konurogstjorn-mal.is*, auk skráningar og stafrænnar endurgerðar efnis sem tengist sýningunni og vefnum.

Innleiðing RDA skráningarreglnanna

Þjónustumiðstöð bókasafna veitti 400.000 kr. styrk til að leigja húsnæði og tækjabúnað fyrir skráningar-kennslu við innleiðingu RDA skráningarreglnanna, og Starfsþróunarsetur BHM veitti ferðastyrk fyrir tvo starfsmenn safnsins til að afla sér sérfræðiþekk-ingar og kynna sér innleiðingu RDA erlendis.

Opin vísindi - málþing

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Rannís styrktu málþingið *Opin vísindi – hvað verður um rannsóknargögnin þín?* um 50.000 og 100.000 kr.

SAMGÖNGUSAMNINGAR

Samgöngusamningar voru kynntir í mars 2014 í kjölfar nýrrar samgöngustefnu fyrir safnið. Í lok árs voru gerðar smá breytingar, þannig að starfsfólk getur óskað eftir samgöngustyrk, hvort sem það notar strætó, gengur eða hjólar til og frá vinnu.

HÚSNÆÐI OG RÝMI

Í stefnu safnsins 2013-2017 er gert ráð fyrir endurskoðun opinna svæða, flutningi á starfsemi innan-húss, sameiningu upplýsinga- og útlánaborða á 2.h. og bættri aðstöðu fyrir gesti. Á árinu 2014 unnu tveir hópar stafsmanna skýrslur varðandi rýmis-málin. Um áramótin 2014-15 var fyrsta breytingin gerð, en þá var handbókarýminu á 2.h. breytt í hóp-vinnusvæði og sett inn hópvinnumborð og betri raf-magnstengingar, auk þess sem ritakostur á svæðinu var grísaður.

Á árinu var unnið að undirbúningi fyrir eitt þjónustu-borð á 2.h. Í október var ný sjálfsafgreiðsluvél og öryggishlið frá finnska fyrirtækinu P.V. Supa tekin í notkun en Öryggismiðstöðin flytur búnaðinn inn og

þjónustar hann. Ný tegund merkja verður sett í safn-efni sem fer í útlán, en það eru s.k. RFID flögur, sem koma í stað segulræma. Öryggishliðið les bæði flögur og ræmur og RFID flögurnar verða settar í efnið á næstu árum, en þær byggja á nýrri tækni með útvarpsbylgjur. Um áramót voru upplýsinga-borð og útlánaborð svo sameinuð í eitt þjónustu-borð, en á næstu ári verða verkefni og verkferlar í borðinu endurskoðaðir.

Lítið fundarherbergi fyrir starfsmenn var tekið í notkun í nóvember á 1.h., en þar verður tölva og flatskjár.

ÖRYGGISMÁL OG TÖLVUKERFI

Safnið notar netöryggissíuna Websense til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitskerfisins Spiceworks, sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Websense var uppfært á árinu. Þá er notaður eldveggur frá Cisco, Firewall Analyzer til að fylgjast með umferðinni og Trend Micro vírusvörn auk fleiri tóla. Aukið var við sýndarumhverfi á árinu en sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þar vel með því til að gæta fyllsta öryggis. Öryggis-myndavélum var fjölgað úr 10 í 15 og settar upp nýjar stafrænar eftirlitsmyndavélar á 2.h. Símanet safnsins var flutt á nýja tengingu þann 6. jan. og þá þurfti að endurræsa öll símtæki, auk þess sem nokkur truflun varð á netsambandi. Þá var netsam-band fyrir almenna safngesti tengt við ljósleiðara og er það mun öflugra en áður.

Nýjar tölur

Í apríl var skipt um allar gestatölur á 1.h. (lessal), 3.h., 4.h. og í lesherbergjum. Í nóv. var skipt um starfsmannatölur og Windows stýrikerfið uppfært frá útgáfu 7 í 10 og einnig var tekin í notkun ný út-gáfa af Office 2016 pakkanum og fleiri forritum. Halldór Kristjánsson frá Tölvu- og verkfræði-þjónustunni kynnti helstu breytingar á umhverfi og forritum þann 10. nóv.

Loftræsikerfi

Sérstök fjárveiting fékkst til að uppfæra stjórnbúnað loftræsikerfisins sem hefur verið nánast óbreytt frá því húsið opnaði. Framkvæmdasýsla ríkisins skipu-lagði verkið og annaðist greiðslur til verktaka fyrir endurbæturnar. Í febrúar hófst vinna hjá verkfræði-stofunni Mannvit við að endurhanna og teikna nýtt stýrikerfi og fækka 26 stýritölvum í þrjár nýjar stjórnunareiningar. Yfir sumarmánuðina var settur upp nýr búnaður, vélar forritaðar upp á nýtt og allur búnaðurinn fínstilltur og virkniprófaður. Mannvit sá einnig um innkaup á búnaði en Guðjón Jónsson raf-virkjameistari tók þátt í verklega hlutanum. Ekki voru komin formleg verklok um áramót.

STARFSMANNAFUNDIR

Einn almennur starfsmannafundur var haldinn á ár-inu. Þann 22. apríl var kynnt sameining Miðlunar-sviðs og Þjónustusviðs og drög að nýju skipuriti, sem tók gildi 1. maí. Einnig var fjallað um sameiningu upplýsinga- og útlánaborða á 2. hæð og kynntar hugmyndir um nýja skýrsluröð á vegum safnsins. Ingibjörg Bergmundsdóttir og Rannver H. Hannes-son voru kosin fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd, en Edda G. Björgvinsdóttir og Ólafur Guðnason sitja þar af hálfu safnsins.

STARFSMANNAFÉLAGIÐ HLÖÐVER

Í stjórn Hlöðvers 2015-2017 sitja: Erlendur Már Antonsson, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Hjörleifur Hjörtpórsson, Hrafn Malmquist og Katrín Alfa Snorraddóttir. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu m.a. nýársfagnaði, barsvari, hvalaskoðunar-ferð, föndurkvöldi, skreytingadegi og staffakaffi.

MÖTUNEYTI

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffi-stofu á 2. hæð og sáu einnig um veitingar á fundum og móttökum á vegum safnsins.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFS-NEFND

Fyrri hluta ársins var unnið að endurskoðun samstarfssamnings Háskóla Íslands og safnsins frá 2009 og endurskoðaður samningur var samþykktur í Háskólaráði 4. júní. Nokkur breyting varð á markmiðum samningsins og kafla um akademísk málefni, en tekin voru inn ákvæði um samstarf vegna opins aðgangs, vinnu við rannsóknagagnasafn, samstarf um Skemmuna og við Miðstöð framhaldsnáms HÍ og eflingu þjónustu við doktorsnema. Fráfarandi rektor HÍ, Kristín Ingólfssdóttir og landsbókavörður, undirrituðu samninginn 26. júní, en þá var eftir að ljúka fylgiskjali um Skemmuna og rafræn skil. Unnið var að því á haustönn.

Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísindasviðs og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Af hálfu safnsins sitja í nefndinni Ingi Björg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Samstarfsnefndin fjallaði um rektorskjör, endurskoðun samstarfssamnings, rafræn skil lokaverkefna, frestun gildistöku stefnu HÍ um opinn aðgang, samstarf við Reiknistofnun HÍ um netsamband í Þjóðarbókhlöðunni, málþing um opin vísindi, stefnumótun HÍ 2016-2021, varðveislusafn fyrir birtingar í opnum aðgangi, áskrift að Scopus og tengsl Lbs-Hbs við Miðstöð framhaldsnáms.

HÁSKÓLAÞING

Háskólaþing kom tvisvar saman á árinu. Þann 21. maí var fjallað um árangur af stefnu HÍ 2011-2016, hvernig HÍ geti ræktað tengsl við núverandi og fyrrum nemendur og starfsmenn skólans, velunnara og velgjörðamenn, og þverfræðilega samvinnu innan HÍ. Þann 13. nóvember fjallaði háskólaþing um drög að stefnu HÍ 2016-2021. Lbs-Hbs og bókasafn Menntavísindasviðs unnu saman tillögur vegna stefnumótunarvinnunnar og var þeim skilað inn í nóvember 2015.

SKEMMAN OG LOKAVERKEFNI

Allir háskólarnir taka þátt í rekstri Skemmunar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar allra háskólanna og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins í verkefnisstjórninni eru

Áslaug Agnarsdóttir og Kristinn Sigurðsson. Rekstur gagnasafnsins var með hefðbundnum hætti og litlar breytingar gerðar. Áhersla er lögð á að efni í Skemmunni sé í opnum aðgangi. Ljóst er að HÍ þarf að endurskoða reglur um skil lokaritgerða, og unnið var að því að skil verði einungis rafræn á næsta ári. Skemman er meðal vinsælustu vefja safnsins og jókst notkun enn á milli ára.

SJÁLFSMATSSKÝRSLA HÍ

Vetur 2014-15 var gerð viðamikil úttekt á Háskóla Íslands, en undirbúningur að henni hófst þegar árið 2011. Úttektin skiptist í tvo hluta, sjálfsmat og ritun sjálfsmatsskýrslunnar *Reflective Analysis* annars vegar og heimsókn erlends matshóps hins vegar. Í honum sátu fulltrúar frá háskólum í Noregi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Íslandi. Formaður var Norman Sharp frá Quality Assurance Agency for Higher Education í Skotlandi. Landsbókavörður sótti fund á vegum matshópsins ásamt stjórnendum stoðþjónustueininga skólans. Matshópurinn gaf út eigin skýrslu um starfsemi HÍ í kjölfarið.

OPIN VÍSINDI – VARÐVEISLUSAFN FYRIR BIRTINGAR Í OPNUM AÐGANGI

Í tengslum við nýtt rannsóknagagnasafn (Current Research Information System – CRIS) var unnið að undirbúningi varðveislusafns fyrir greinar og efni í opnum aðgangi. Af hálfu safnsins var lögð áhersla á að hafa þessi tvö kerfi aðskilin og að Lbs-Hbs myndi setja á fót og reka varðveislusafnið sem DSpace safn. HÍ lagði áherslu á að slíku safni yrði komið á fót sem fyrst, til að geta hrundið í framkvæmd stefnu skólans um opinn aðgang. Í nóvember óskaði HÍ eftir að Lbs-Hbs sæi um uppsetningu slíks safns. Stofnaður var stýrihópur um málið og safnið var komið upp um áramót í mjög einfaldri mynd á slóðinni *opinvisindi.is*. Þá var settur á fót verkefnishópur með fulltrúum frá HÍ og Lbs-Hbs, sem mun vinna málið áfram.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Enginn fundur var haldinn með hagsmunanefnd stúdenta á árinu.

INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Á árinu héldu háskólabókaverðir einn fund, þann 13. mars, í Lbs-Hbs. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: innleiðingu á RDA skráningarreglunum, breytingar á höfundalögum, endurskoðun Fjölís-samnings um stafræna eintakagerð við háskólana, drög að samstarfssamningi HÍ og Lbs-Hbs, OpenAIRE Evrópuverkefnið, samstarfssamning HÍ og Lbs-Hbs, Áttavítann, rannsóknagagnasafn (CRIS), Creative Knowledge ráðstefnuna o.fl.

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka mikinn þátt í þróun og uppfærslum bókasafnskerfisins Gegnis, *gegnir.is* og leitargáttarinnar Leitir, *leitir.is*. Sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Stjórn Landskerfis var óbreytt, Árni Sigurjónsson formaður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn eru sex. Fyrirtækið stendur mjög vel og hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfsemi bókasafna í landinu. Á vegum Landskerfis starfa skráningarráð og efnis-orðaráð. Fulltrúi safnsins í skráningarráði var Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir. Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri Gegnis situr einnig fundi ráðsins. Aðrir í ráðinu í árslok voru Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinarsdóttir, af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Safnið sér um alla efnisorðavinna í Gegni. Skv. tölum frá Landskerfi bókasafna voru í lok árs um 1.16 millj. titla skráðir í Gegni og fjöldi eintaka var 5.8 milljónir. Útlán á árinu 2015 voru tæplega 3.2 milljónir og lánþegar tæplega 176 þúsund. Skráðum lánþegum fækkar um nær 11% milli ára, en ástæðan eru kerfislegar aðgerðir til samræmingar. Heildarfjöldi færslna í Leitir eru um 2.4 milljónir og koma þær m.a. frá Gegni, Sarpi, Landsaðgangi, Skemmunni, *tímarit.is*, Hirslunni, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og víðar.

HASK - Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð tvisvar á árinu. Helstu

breytingar tengjast innleiðingu RDA skráningarreglnanna og hefur framsetningu efnis allvíða verið breytt, texti samræmdur og aukið við dæmum. Umferð um vefinn *hask.landsbokasafn.is* er talin eins og á öðrum vefjum safnsins.

Primo Central Index (PCI)

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs og fleiri aðilar kaupa aðgang að, er aðgengilegt í Gegni og Leitum gegnum PCI. Þó standa enn nokkur gagnasöfn út af og m.a. var ekki aðgangur að efni EBSCO í gegnum PCI.

SFX krækjuckerfið og bX ábeningaþjónustan

SFX er tengla- eða krækjuckerfi sem tengir saman bókfræðiupplýsingar og efni í rafrænum aðgangi, í gegnum Primo Central Index. Upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu auk upplýsinga um séráskriftir hvers háskóla. Engar breytingar urðu á árinu.

The European Library (TEL) og Europeana

CENL (Conference of European National Librarians), Lbs-Hbs og Landskerfi bókasafna eru aðilar að samstarfssamningi (Partnership Agreement) vegna birtingar lýsigagna úr Gegni undir leyfisskilmálum Creative Commons Zero (CC 1.0) í TEL og Europeana. Samningurinn var endurskoðaður í apríl.

Nýr vefur fyrir gegnir.is

Unnið var að breytingum á vefnum *gegnir.is* á árinu. Hann byggir á gamalli tækni og er orðinn erfiður í viðhaldi. Í stað þess að leggja hann alfarið niður var ákveðið að færa virknina á sérstakan flipa á *leitir.is*.

Tölfræði í Gegni

Áfram var unnið að því að þróa tölfræði um notkun á Gegni og boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokátölfræði, topplánalista auk talna úr bókfræðigrunni Gegnis til ársloka 2015, sem sýna heildarskráningar í Gegni. Stefnt er að því að nýta tölfræðina meira í ársskýrslu Lbs-Hbs.

Innleiðing RDA

Starfsmenn Landskerfis bókasafna taka virkan þátt í innleiðingu RDA skráningarreglnanna og eiga sæti í mörgum innleiðingarteymum.

Útlán rafbóka

Áfram var unnið að útlánum rafbóka í samstarfi við Bibliotekssentralen í Ósló og forsvarsmenn Félags íslenskra bókaútgefenda.

Rekstrarfélags Sarps

Þjónustusamningur Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps var endurnýjaður til næstu fjögurra ára eða til 1. sept. 2019. Landskerfið sér um daglegan rekstur Rekstrarfélagsins og fagstjóri Sarps hefur aðstoðu í húsakynnum Landskerfis. Þróaðar voru viðbætur við skráningarkerfi og vefviðmót Sarps auk þess sem efni úr Sarpi var gert aðgengilegt í Leitir um mitt ár 2014. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefnalýsingar ásamt öðru efni. Rekstrarfélag Sarps er í eigu 50 safna og stofnana í eigu ríkis og sveitarfélaga. Félagið á og rekur gagnasafnið Sarp, en í því eru upplýsingar um 1.2 millj. gripa.

ProQuest kaupir ExLibris

Í október bárust þau tíðindi að fyrirtækið ProQuest hygðist kaupa ExLibris af bandaríska fjárfestingarfélaginu Golden Gate Capital. ExLibris á og rekur Aleph bókasafnskerfið sem Gegnir byggir á og Primo leitarvélina sem er undirstaða fyrir Leitir. Eftir samþykki bandarískra samkeppnisyfirlvalda voru kaupin til lykta leidd í lok árs. Stofnuð var ný rekstrareining innan ProQuest sem ber heitið *Ex Libris, a ProQuest company* og verður hún leidd af stjórnendateymi Ex Libris til margra ára. Ekki eru boðaðar neinar breytingar á vörum og þjónustu.

ALEFLI

Alefli er samstarfsvettvangur þeirra safna sem njóta þjónustu Landskerfis bókasafna. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir. Safnategundir velja fulltrúa í fulltrúaráð, sem síðan kys stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráði Aleflis fyrir hönd safnsins, og Anna María Sverrisdóttir til vara. Vefurinn *Aleflí.is* er nú hýstur hjá Lbs-Hbs.

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna Aleflis 2015 var haldin í Þjóðar-bókhöðunni 12. maí. Helga Kristín Gunnarsdóttir og Ragna Steinarsdóttir fjölluðu um leitarhegðun fræðimanna og nemenda í Gegni, Sigrún Hauksdóttir sagði frá viðbótum í tölfraði Gegnis, Telma Rós Sigfúsdóttir kynnti ýmsar nýjungar í *leitir.is*, Magnhildur Magnúsdóttir sagði frá innleiðingu RDA skráningarreglnanna og Sigurður Trausti Traustason og Telma Rós Sigfúsdóttir fjölluðu um Sarp og tengingu við *leitir.is*.

SAMLAG UM ÁSKRIFT AÐ VEF-DEWEY

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að Web-Dewey, sem er vefútgáfa Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslu kerfisins, þannig að áskriftin er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs gerðist aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda EDUG (European Dewey User Group) árið 2014.

UPPLÝSING – FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstöðum fyrir Upplýsingu. Í ár var Anna María Sverrisdóttir ritstjóri *Bókasafnsins* og Erlendur Már Antonsson sat í ritnefnd.

Bókasafnið

39. árgangur tímaritsins *Bókasafnið* kom út í júní. Óvenju margir starfsmenn safnsins skrifuðu greinar í blaðið. Magnhildur Magnúsdóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir skrifuðu um innleiðingu RDA skráningarreglnanna, Ragna Steinarsdóttir fjallaði um Bibframe skráningarsniðið, Áslaug Agnarsdóttir skrifaði um stefnu HÍ um opinn aðgang, Jökull Sævarsson sagði frá útgáfu Íslenskrar bókaskrár til 1844, Anna María Sverrisdóttir fjallaði um IFLA þingið í Lyon 2014 og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir fjallaði um Lyon yfirlýsinguna um aðgang að upplýsingum, en hún tengist nýjum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Hrafn H. Malmquist sagði frá Enumerate könnuninni og einnig bókinni *Meistarinn og Margaríta*, og Erlendur Már Antonsson fjallaði um ritrýni.

Bókasafnsdagurinn

Haldið var upp á Bókasafnsdaginn þann 8. sept. Tilgangurinn er að vekja athygli á starfsemi bókasafna og að starfsfólkið geri sér glaðan dag. Í Lbs-Hbs var gestum boðið upp á hlaðborð með bókum og ýmsum gögnum, sýningu stuttmynda um safnið, upplestri ljóðskálda og kaffisamsæti starfsmanna. Tengiliður safnsins var Ingibjörg Bergmundsdóttir.

NÁMSBRAUT Í UPPLÝSINGAFRÆÐI

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði hefur verið fært á meistarastig og nafni námsbrautarinnar breytt í Upplýsingafræði. Ragna Steinarsdóttir og Hallfríður Kristjánsdóttir kenndu skráningu upplýsinga og lýsigögn, Ragna kenndi skipulagningu þekkingar eða flokkun og ýmsir starfsmenn komu að kennslunni, m.a. Áslaug Agnarsdóttir, Birgir Björns-son og Erlendur Már Antonsson.

BÓKASAFNARÁÐ

Bókasafnaráði var komið á fót með bókasafnalögum nr. 150/2012, en skipað var í ráðið 2013. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn og skal vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, veita umsagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð og sinna öðrum verkefnum skv. nánari ákvörðun ráðherra. Í fjárlögum 2015 var ekki gert ráð fyrir framlagi til bókasafnasjóðs. Formaður ráðsins, Páll Valsson, sagði af sér í september, en aðrir fulltrúar eru Hrafn A. Harðarson, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, Sigrún Blöndal og Viggó Gíslason. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns sitja einnig fundi ráðsins. Ráðið hittist ekki á árinu.

LANDSNEFND UM MINNI HEIMSINS

Landsnefnd um Minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og síðar senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Unnið var að frágangi á ýmsu kynningarefni á árinu og gerð vefsíðu. Þá stóð nefndin fyrir málþingi 13. maí þar sem Arne Skivenes frá Noregi sagði frá reynslu og ávinningi Norðmanna af innleiðingu norsku landsskrárinnar, *Norges dokumentarv.* Í framhaldi var myndaður vinnuhópur um tilnefningar frá safninu til skráningar á Landsskrá Íslands. Hópurinn hittist nokkrum sinnum þar sem rætt var almennt um verkefnið og nokkrar hugmyndir settar á blað. Síðla árs var auglýst eftir fyrstu tilnefningum á Landsskrá Íslands. Lbs-Hbs sendi inn tvær tilnefningar, Passíusálmar Hallgríms Péturssonar – eiginhandarrit JS 337 4to og Límmiði: Kvennafrí 24. okt. 1975. Alls bárust sjö tilnefningar. Formaður nefndarinnar er Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og aðrir í nefndinni eru Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

SJÓNARHORN Í SAFNAHÚSINU

Sýningin *Sjónarhorn* var opnuð 18. apríl að viðstöddu fjölmenni í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Sýningarstjóri var Markús Þór Andrésson, en með honum störfuðu verkefnisstjórn og sýningarstjórn með fulltrúum frá þeim menningarstofnunum sem tóku þátt í verkefninu. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður tók við af Önnu Guðnýju Ásgeirsdóttur sem formaður verkefnisstjórnar og aðrir í nefndinni voru Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Halldór Björn Runólfsson forstöðumaður Listasafns Íslands, Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúrminjasafns Íslands, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn var Ólafur J. Engilbertsson, en fjölmargir starfsmenn komu að undirbúningi. Sýningin fékk góðar viðtökur og talsvert var fjallað um hana. Uppsetningin og tengingar þvert á listgreinar þótti nýlunda. Verkefnisstjórn og sýningarstjórn munu starfa áfram, en gert er ráð fyrir að hvert safn verði með sýningu á kjörgrip og sérsýningu fram til 2020.

HANDBÓK UM VARÐVEISLU SAFNKOSTS

Lbs-Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts* ásamt Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands. Bókin er eingöngu gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafnsins. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð öllum sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í þessu samstarfi af hálfu Lbs-Hbs en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet fagstjóri forvörslu í Þjóðminjasafni Íslands.

LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Samstarf við Leikminjasafns Íslands hélt áfram á árinu en 5. okt. undirritaður samningur milli safnanna um skráningu, miðlun og varðveislu bóka, leikhandrita, leikskráa og skjala í eigu Leikminjasafnsins. Leikminjasafn leggur fram fjármuni sem svara launum starfsmanns við skráningu í sex mánuði, en Lbs-Hbs leggur til starfsaðstöðu og sérfræðipækkingu og tryggir að vel sé um efnið búið og það aðgengilegt. Vinna við verkefnið hefst 2016.



Starfsfólk fylgist með sólmyrkva á þaki Þjóðarbókhliðunnar 20. mars 2015.

ERLENT SAMSTARF

Safnið tekur þátt í margskonar erlendu samstarfi og verkefnum. Mikið af því breytist lítið á milli ára, en helstu fréttir eru:

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir, auk yfirmanns Stadsbiblioteket í Árósum, hittast reglulega og hafa með sér óformlegt samráð. Enginn fundur var þó haldinn á árinu, en samstarfið fór fram í tölvupósti og í gegnum CENL.

CENL

Árlegur fundur CENL (Conference of European National Librarians) var haldinn í Bern í Sviss dagana 17.-19. maí. Á fundinum, sem jafnframt er aðalfundur samtakanna, var kosin ný stjórn og nýr formaður er Roly Keating frá British Library. Lögð var fram stefna (strategic plan) fyrir árin 2015-2018. Stærstu tíðindin frá fundinum er að TEL (The European Library) verður lagt niður í núverandi mynd á næstu tveimur árum og að vefgáttin Europeana tekur yfir hluta af verkefnum þess. Það á við um söfnun lýsigagna, sem birtast síðan í Europeana og að veita aðgang að stafrænu efni þeirra safna sem taka þátt í verkefninu. Þátttak-

endur fundarins skoðuðu einnig svissneska landsbókasafnið og safn um svissneska rithöfundinn Friedrich Dürrenmatt.

EVROPUVERKEFNI

Safnið tók þátt í nokkrum verkefnum sem rekin eru á vegum eða í tengslum við CENL, eða falla undir COST áætlun Evrópusambandsins (European Co-operation in Science and Technology).

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL rekur verkefnið. Evrópubókasafnið býður upp á samleit á vefnum theeuropeanlibrary.org í gögnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum og nokkrum stórum evrópskum rannsókn- og háskólabókasöfnum. Framlag Lbs-Hbs felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðan Europeana. Eins og áður segir er fyrirhugað að leggja TEL niður, en skv. samningi við TEL voru lýsigögn íslensku þjóðbókaskrárárinnar í Gegni gefin frjálts með notkunarskilmálum Creative Commons Zero (CC0) 2014 og gerðist Landskerfi bókasafna aðili að samningnum.

Europeana

Europeana, sem er fjölmenningargátt á vefnum *europaena.eu*, veitir aðgang að fjölbreyttu stafrænu efni evrópskra bókasafna, skjalasafna og minjasafna. Gáttin var opnuð 2009 og hluti hennar hefur verið þýddur á 29 tungumál, þ.á.m. á íslensku. Þýðingin var unnin í Lbs-Hbs. Rekstri Europeana er stýrt af Europeana Foundation. Um 1500 stofnanir í Evrópu eiga efni í Europeana og er Europeana Network n.k. notendafélag eða samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að eiga fulltrúa í stjórn Europeana Foundation. Safnið er aðili að samstarfsnetinu. Europeana hefur opnað til frjálsra afnota lýsigögn fyrir meira en 20 milljónir stafrænna eininga úr menningargeiranum. Lýsigögnin eru aðallega aðgengileg undir Creative Commons Zero (CC0) leyfinu, en þá má nota þau í hvaða tilgangi sem er og án nokkurra hindrana. Tengiliður safnsins við Europeana er Kristinn Sigurðsson.

Republic of Letters 1500-1800 COST

Í árslok 2014 var ákveðið að safnið myndi taka þátt í samstarfsnetinu *Republic of Letters 1500-1800* sem er innan COST áætlunar Evrópusambandsins. Íslenskur samstarfsaðili er Hugvísindasvið HÍ en Rannís tilnefnir fulltrúa í stjórn verkefnisins. Markmiðið er að safna og greina upplýsingar um bréfaskipti vísinda- og fræðimanna í Evrópu á tímabilinu 1500-1800, koma á þverfaglegu samstarfi og koma afurðum þess á framfæri við almenning. Tæknilegt markmið er þróun staðals um skráningu, lýsingu og birtingu bréfa frá þessu tímabili. Tengiliður safnsins er Bragi Þ. Ólafsson og Már Jónsson er tengiliður HÍ.

IFLA-ÞING Í HÖFÐABORG

81. IFLA-þingið var haldið í Höfðaborg í Suður-Afríku dagana 15.-21. ágúst undir yfirskriftinni *Dynamic Libraries: Access, Development and Transformation*. Á þinginu var samþykkt s.k. Cape Town yfirlýsing, þar sem 13 Afríkuríki lýsa yfir stuðningi við eflingu afrískra bókasafna, stofnun afrískra bókasafnasamtaka, samvinnu bókasafna í Afríku, eflingu tækniþróunar og höfundaréttarmál. Enginn starfsmaður safnsins sótti þingið.

CDNL

Árlegur fundur CDNL (Conference of Directors of National Libraries) var haldinn í tengslum við við þing IFLA. Meðal umræðuefna var framtíðarstefnumótun og aðgangur að efni þjóðbókasafna, opin aðgangur og tækniþróun.

IIPC

Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium) en samtökin hafa það markmið að skilgreina hvað þarf til að varðveita vefsíður einstakra landa þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Netsins fari ekki forgörðum. Kristinn Sigurðsson situr í stjórn samtakanna af hálfu safnsins. Jafnframt tekur safnið þátt í starfi vinnuhóps um söfnun vefsíðna (Harvesting Working Group). Nú eru um 40 söfn aðilar að samtökunum. Ársfundur og þing samtakanna (General Assembly) verða haldin á Íslandi í apríl 2016. Undirbúningur hófst um mitt árið, en gert er ráð fyrir að 150 manns sækji þingið.

EDUG

Ársfundur og árleg ráðstefna EDUG – Evrópusamtaka Dewey-notenda (European Dewey User Group) var haldinn í Napólí á Ítalíu 2015. Samtökin gæta hagsmuna evrópskra safna gagnvart Dewey kerfinu og vinna að þýðingum á því. Lbs-Hbs gerðist aðili að samtökunum 2014 en þá var ráðstefna haldin í safninu. Tengiliður Lbs-Hbs við EDUG er Rósfríður Sigvaldadóttir.

ENUMERATE

Safnið tekur þátt í Enumerate verkefninu sem er hluti af CIP rammaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem miðar að því að örva nýsköpun og samkeppnisfærni með því að auka notkun upplýsingatækni og nýta hana á sem hagkvæmasta hátt. Verkefnið hófst 2011, en safnað er saman stöðluðum upplýsingum um stafræna endurgerð og stafrænan safnkost evrópskra menningarstofnana til að fylgjast með þróuninni og og hvar þurfi að grípa inn í. Fyrsta íslenska könnunin var send út í lok árs 2013 og unnið var úr niðurstöðum á árinu 2014. Skýrslan *Stafræn menning : niðurstöður Enumerate-könnunarinnar á stafrænu efni menningarstofnana 2014* var síðan gefin út í mars. Alls svöruðu 38 íslenskar menningarstofnanir, en í skýrslunni er sérstaklega rýnt í stöðuna hér á landi. Meginniðurstöður eru, að staða íslenskra menningarstofnana varðandi stafræna endurgerð, er svipuð og hjá menningarstofnunum í Evrópu. Tengiliður er Hrafn H. Malmquist. Þriðja könnunin var send út 2015 og niðurstöður voru í svipuðum dúr.

SAMNINGAR


26.01.2015	Verksamningur við Trausta Dagsson um gerð vefjarins <i>konurogstjornmal.is</i> .
30.01.2015	Stofnanasamningur Lbs-Hbs við SFR – stéttarfélag í almannajónustu.
10.02.2015	Samningur við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur um stafræna endurgerð <i>Milli mála</i> .
20.02.2015	Samningur við Samband íslenskra harmonikkunnenda (SÍHU) um stafræna endurgerð <i>Harmonikkublaðsins</i> .
19.03.2015	Verksamningur við Kolbrúnu Önnu Björnsdóttur um myndskreytingu sýningarspjalda, hönnunar skýningarskrár o.fl. vegna sýningarinnar <i>Vér heilsum glaðar framtíðinni</i> – Viðbótar-samningur 03.06.2015.
20.03.2015	Samningur við Náttúruminjasafn Íslands um skráningu ritakosts.
15.04.2015	TEL Partnership Agreement regarding partnership in The European Library (endurskoðun).
21.04.2015	Stofnanasamningur Lbs-Hbs við Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Fræðagarðs (viðauki).
24.01.2015	Samningur við Hagvang til að semja um raforkukaup fyrir Lbs-Hbs.
30.04.2015	Lánssamningur um lán á munum frá Grænlandi til Þjóðleikhússins.
15.05.2015	Samningur við Advania um hýsingu og rekstur gagnageymslu fyrir stafrænar frummyndir.
15.05.2015	Samningar um stafræna endurgerð á ritinu <i>Íslenskar þjóðsögur og ævintýri</i> .
22.05.2015	Samningur við Múr- og málningarpjónustuna Höfn um málningu á álklæðningu utanhúss.
04.06.2015	Samningur vegna útgáfu bókarinnar <i>Utangarðs? : ferðalag til fortíðar</i> .
15.06.2015	Samningur við Orkusöluna um raforkukaup.
23.06.2015	Samningur við Skessuhorn ehf um stafræna endurgerð <i>Skessuhorn</i> .
23.06.2015	Samningur við Athafnagleði ehf um stafræna endurgerð <i>Bæjarins besta</i> .
26.06.2015	Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
16.09.2015	Lánssamningur um lán á mynd Nínu Tryggvadóttur af Halldóri Laxness til Listasafns Íslands.
26.09.2015	Samningur við Hið íslenska biblíufélag um varðveislu á biblíusafni og handritagögnum.
05.10.2015	Samningur við Leikminjasafn Íslands um skráningu og afhendingu efnis.
07.10.2015	Samningur við Félag fornleifafræðinga um stafræna endurgerð <i>Ólafía</i> .
21.10.2015	Lánssamningur um lán á Nóbelsverðlaunatáknum frá Seðlabanka Íslands.
03.11.2015	Samningur við Öryggismiðstöðina um kaup á sjálfsafgreiðsluvél fyrir útlán og öryggishliði.
11.11.2015	Samningur við Kjaran ehf. um rekstur og leigu á Konica Minolta bizhub 284e ljósritunarvél.
11.11.2015	Samningur við Kjaran ehf. um rekstur og leigu á Konica Minolta bizhub 215 ljósritunarvél.
03.12.2015	Rammasamningur við Advania um samskipti og þjónustu.
17.12.2015	Samningur við Landssamband eldri borgara um stafræna myndun <i>Listin að lífa</i> .
17.12.2015	Samstarfssamningur við Hið íslenska bókmenntafélag um sýningu í tilefni af 200 ára afmæli félagsins árið 2016.

Samningar vegna Landsaðgangs:

29.01.2015	Breyting á viðauka við samning við Karger AG frá 2001.
29.01.2015	Breyting á samningi við Wiley Online.
20.02.2015	Breyting á samningi við Sage publications v. SAGE Premier 2016 og framlengt um ár.
27.08.2015	Samningur við CERN um þátttöku í SCOAP3 verkefninu (Sponsoring Consortium for Open Access Publishing in Particle Physics).
13.07.2015	Samningur vegna Britannica 2015-2017.
17.12.2015	Samningar við verkfræðistofur um ASCE og EiVillage 2016-2017.
28.12.2015	Viðbótarsamningur við Thomson Reuters vegna Web of Science og Journal Highly Cited Data 2016-2019.

Þá voru samningar við ProQuest, EBSCO og Morgunblaðið framlengdir um ár.

SKIPURIT



Skipurit 1. maí 2015.



Starfsfólk skoðar loftræsikerfin á sviðs kynningu hjá Rekstrar- og upplýsingatækni í janúar 2015.

REKSTUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfsmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, auk samninga um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sýningar- og kynningarmál bættust við á árinu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 14 á sviðinu en ársverk voru 13.25. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

HÚSSTJÓRN

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarborgarhlöðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símvörslu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti. Starfsmenn við húsrekstur eru fjórir.

Framkvæmdir

Stærsta verkefni ársins var uppfærsla á stýrikerfi loftræsikerfanna. Undirbúningur hófst 2013, þá var gerð kostnaðaráætlun og sótt um fjárveitingu sem fékkst 2014. Byrjað var á teikni- og hönnunarvinnu til að fá rétt verðmat á verkið. Verkfræðistofan Mannvit gerði tilboð í endurhönnun og teikningu verksins sem var samþykkt í febrúar, en Framkvæmdasýsla ríkisins sá um samskipti við Mannvit. Teikningum var skilað 16. mars, en verkið hófst 20.

maí, og samkvæmt verksamningi áttu verklok að vera 20. júlí. Unnið var að verkinu yfir sumar-mánuðina og var kerfið komið í fulla virkni í ágúst. Af ýmsum ástæðum drógust verklok á langinn og ekki voru komin formleg verklok um áramót. Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að undirbúningi þess að mála rauðu skildina utan á húsinu. Gerðar hafa verið prufur í samráði við Jón Bjarnason verkfræðing hjá Málningu hf. til að velja efni sem tryggi viðloðun við eldra efni og gáfu þær prófanir góða raun. Lokið var við að mála rúmlega helming en það sem eftir stendur verður málað 2016. Múr- og Málningarþjónustan Höfn h.f. hóf vinnu 20. maí og lauk fyrri áfanga með úttekt 30. júní. Fyrirtækið Virki ehf. skipti um 20 ónýtt gler í forhýsi, brú og á 2.h.

Þríf

Þrífin voru með sama hætti og undanfarin ár. Teppi þrífin á sumarmánuðum og veggskildir og rúðugler að utan var þrífið í júní.

Ýmislegt

Farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi ársins. Borðplötur í mótuneyti og veitingastofu voru teknar af, límt var nýtt harðplast á þær og kantar lakkaðir, einnig voru stólar í mótuneyti bólstraðir, en þetta var unnið af hústjórn. Skipt var um drykkjarfont á 3.h., blöndunartæki í eldhúsi og veitingastofu voru gerð upp, nýtt öryggishlið var sett upp, smíðað borð undir sjálfsafgreiðsluvél og útlána- og upplýsingaborð á 2.h. sameinuð. Settar voru upp nýjar stafrænar eftirlitsmyndavélar á 2.h.

Varaeintakasafn í Reykholti

Óbreytt ástand er á umhirðu húsakosts í Reykholti. Rekstur og umhirða hefur gengið vel, en mikil þörf er á að húsið fái eðlilegt viðhald. Þak er lekt og kápa hússins orðin mjög sprungin. Sýnilegar raka-skemmdir eru í bókaeymslu efri hæðar. Útihurð í stigagangi lekur. Unnið var að því að Fasteignir ríkissjóðs tækju við rekstri fasteigna í Reykholti, en samningar hafa dregist. Samningur við Snorrastofu um umsjón með húsakosti rann út á síðasta ári, en samið var um að hann gildi áfram, þar til nýr samningur við Fasteignir ríkissjóðs tekur gildi.

Geymslusafn í Mjódd

Venjubundin umhirða var við geymslu í Mjódd.

Lóð

Garðlist sá um lóðarhirðu eins og undanfarin ár.

Lokað vegna óveðurs

Tvisvar var safninu lokað vegna óveðurs, 14. mars og 7. des., en hætta var talin á að aðaldyr safnsins eyðileggðust. Þetta hefur ekki gerst áður.

SKJALASTJÓRN OG REIKNINGSHALD

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2015 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá bls. 50). Niðurstaðan er 8,3 millj. kr. halli, en gert var ráð fyrir 5 millj. kr. halla í rekstraráætlun. Afkoman er heldur lakari en reiknað var með og er það vegna þess að keypt var ný sjálfsafgreiðsluvél og öryggishlið í stað þess að setja á afborganir til lengri tíma.

Skjalastjórn



Nú hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits og er í útgáfu 2.7. Alls voru stofnuð 252 /266) mál í

GoPro árið 2015. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Málaskráin var tilkynnt til Þjóðskjalasafns Íslands 2013, sem úrskurðaði að mynda skuli vörsluútgáfu fyrir tímabilið 2007-2011 og skila til þí árið 2014. Þróun skilalausna hefur tafist og því var óskað eftir fresti á skilum á árinu.

MANNAUÐUR

Starfsmannabjónusta heldur utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Níu starfsmenn hættu störfum í safninu á árinu, þar af sjö vegna tíma-bundinna ráðninga. Sex starfsmenn hófu störf á safninu á árinu 2015, þar af 3 námsmenn á tíma-bundnum samningum. Þrjú störf voru auglýst laus til umsóknar. Eiginleg starfsmannavelta árið 2015 var 2,6%. Í árslok störfuðu 78 starfsmenn í 70.16 árs-verkum.

Ásmundur Þór Guðmundsson var í starfsþjálfun í safninu í fyrra og aftur á vorönn. Hann kom á vegum diplómanáms HÍ fyrir fólk með þroskahömlun. Arnór Ýmir Aðalsteinsson kom einnig í starfsþjálfun í sept. á vegum Specialisterne, sem eru samtök sem miða að því að bæta atvinnuþátttöku einstaklinga á einhverfurófi. Eftir að starfsþjálfun lauk var hann í hlutastarfi til áramóta. Á vegum Erasmus komu tveir nemandar í starfsþjálfun á árinu alls í 8 mánuði, Matko Katalenic frá Slóveníu sinnti verkefnum á Varðveislusviði á vorönn og Kim Farah Giuliani frá Þýskalandi, var á Varðveislusviði og í stafrænni endurgerð á haustönn og fram í febr. 2016.



Önnur verkefni

Áfram var unnið að tilraunaverkefni um innleiðingu Jafnaunastaðals ÍST85:2012 á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Á vormisseri hófust námskeið skv. nýrri starfsþróunaráætlun safnsins fyrir árin 2015-2018. Haldin voru fimm þriggja tíma námskeið en skipulagning námskeiða er í samstarfi við Starfsmennt. Framkvæmdaráð samþykkti nýja starfsmannastefnu í október, en hún var unnin upp úr hugmyndum, vinnuferlum og starfsanda sem hafa mótast síðustu ár, auk vinnuskjala sem urðu til í stefnumótunarvinnunni 2013 og á liðsheildar-námskeiðum í febrúar 2015.

Fræðslustefna safnsins var jafnframt uppfærð í framhaldi af vinnu haustið 2014 við hæfnigreiningar og starfsþróunaráætlun. Starfslýsingar hafa verið í markvissri endurskoðun og eru nú 97% starfsmanna með starfslýsingu, sem uppfærð var á árunum 2014-2015. Verklagsregla um starfslýsingar var endurskoðuð og eru starfslýsingar birtar á Inngangi í samræmi við stefnu safnsins 2013-2017. Þá má einnig nefna að Inngangur var uppfærður og útliti breytt.

SÝNINGAR OG KYNNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Einingin hefur umsjón með kjörgríp mánaðarins á aðalvef safnsins.

Hafsteinn Guðmundsson í Þjóðsögu

Þann 7. febrúar var opnuð sýning um líf og starf Hafsteins Guðmundssonar, prentara, bókagerðarmanns og bókaútgefanda. Hafsteinn hefur verið nefndur „faðir prentlistarinnar á Íslandi á 20. öld“ og fyrsti meistari Íslendinga í týpógrafíu og bókahönnun. Gefin var út vegleg sýningarskrá af þessu tilefni og haldið fjölmennt málþing til heiðurs Hafsteini. Svanur Jóhannesson fjallaði um prentsmiðjur á Íslandi og kynni af Hafsteini, Bragi Þórðarson sagði frá námstíma hjá Hafsteini í Hólaprenti, Þorgeir Baldursson ræddi um samstarf föður síns, Baldurs í Odda og Hafsteins, Pröstur Jónsson sagði frá bókbandsnámi hjá Hafsteini, Þóra Elfa Björnsson sagði frá námi í setningu, Haraldur Ólafsson fjallaði um samstarf við Hafstein við útgáfu *Íslenskrar þjóðmenningar*, Helgi Grímsson sagði frá útgáfu þjóðsagna Sigfúsar Sigfússonar hjá Þjóðsögu og Guðmundur Oddur (Goddur) fjallaði um bókahönnun og móðernistann Hafstein. Félag bókagerðarmanna og Félag íslenskra bókaútgefanda stóðu að sýningunni í samstarfi við Lbs-Hbs og fjölskyldu Hafsteins.

Prentsmiðjueintök

Þann 7. febrúar var einnig opnuð sýningin Prentsmiðjueintök í samstarfi við Svan Jóhannesson prentara. Á sýningunni var sýnt eintak úr hverri

prentsmiðju á landinu frá því prentun hófst á Íslandi um 1530. Þar mátti sjá 137 bækur og bæklinga úr safni Svans auk merkra bóka úr prentsögunni í einkaeigu og í eigu Lbs-Hbs. Þá voru á sýningunni nokkrar bækur sem hafa verið þýddar á kínversku. Þær eru í eigu Bjarna Harðarsonar, Svans Jóhannessonar og Lbs-Hbs. Í tengslum við sýninguna gaf Svanur Jóhannesson út bókina *Prentsmiðjueintök : prentsmiðjusaga Íslands*.

Viðurkenning Hagþenkis

Viðurkenning Hagþenkis, félags fræðibóka og kennslugagna fyrir árið 2014 var veitt í safninu 5. mars. Guðrún Kristinsdóttir hlaut viðurkenninguna fyrir bókina *Ofbeldi á heimili : með augum barna* í útgáfu Háskólaútgáfunnar. Sett var upp örsýning af þessu tilefni í safninu.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Þann 18. apríl var sýningin Sjónarhorn opnuð í Safnahúsinu. Ólafur J. Engilbertsson sat í sýningarstjórn sýningarinnar og landsbókavörður sat í verkefnisstjórn. Fleiri starfsmenn safnsins unnu að undirbúningi sýningarinnar, vali gripa, forvörslu, uppsetningu o.fl. Á sýningunni er fjöldi bóka, handrita og prentefnis frá Lbs-Hbs (sjá bls. 16).

Vér heilsum glaðar framtíðinni!

Þann 16. maí var opnuð sýning í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Yfirskrift hennar, er tilvitnun í ræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur frá 1915 þegar kosningaréttinum var fagnað á Austurvelli. Sýnt var margvíslegt efni úr safninu er varðar kosningaréttinn, en einnig efni frá samstarfsaðilum. Hluti sýningarspaldanna voru prentuð í nokkrum eintökum og notuð í staðbundnum sýningum víða á landsbyggðinni. Sýninguna hannaði Kolbrún Anna Björnsdóttir.

Við opnunina var haldið málþingið *Veröld sem ég vil: Þróun borgara- og þegnuréttinda kvenna í 100 ár*. Það var skipulagt af Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ og Kvennasögusafni. Erindi héldu Auður Styrkarsdóttir, Björg Hjartardóttir og Guðný Gústafsdóttir. Fundarstjóri var Erla Hulda Halldórsdóttir og sönghópurinn Ylja spilaði fyrir gesti.

Ennfremur var opnaður vefur um sögu kosningaréttar, *konurogstjornmal.is* og vefinn hannaði Trausti Dagsson. Verkefnið var styrkt af Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og var í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, Alþingi, RÚV og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ. Á sýningunni og á vefsíðunni var rakin saga kosningaréttar á Íslandi og sérstaklega kosningaréttar kvenna, auk þess sem áföngum í kvennabarattu og jafnréttismálum voru gerð skil.

Steinshús

Þann 15. ágúst var opnað safn um Stein Steinarr á Nauteyri við Ísafjarðardjúp, en Lbs-Hbs veitti ráðgjöf við uppsetningu sýningar. Gerður var samstarfs-samningur við félagið Vinir Steins árið 2013, en tilgangurinn er að efla almenna kynningu á Steini, ævi hans og verkum. Í tengslum við samninginn hefur efni tengt Steini verið afhent safninu til varðveislu.

Spánverjavígin 1615

Dagana 20.-21. apríl hélt Baskavinafélagið á Íslandi alþjóðlega ráðstefna um Spánverjavígin 1615 í fyrirlestrasal. Þá var gefið út á fjórum tungumálum rit Jóns lærða um Spánverjavígin, *Sönn frásaga af spanskra manna skipbrotum og slagi*, með inngangi eftir Má Jónsson sagnfræðing. Verkefnið var unnið í samstarfi við Guipuzcoa-hérað á Spáni, Basknesku Etxepare stofnunina, Center for Basque Studies University of Nevada, Barandiaran Chair for Basque Studies University of California, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Lbs-Hbs.

Þann 21. september var sett upp í safninu farand-sýning í samstarfi við Baskavinafélagið, áður nefnda erlenda aðila, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, Vaxtarsamning Vestfjarða og Lbs-Hbs. Á sýningunni voru sýnd þrjú handrit *Sannrar frásögu*, en varðveitt eru níu handrit hennar í handritasafni. Sýningartexta gerði Sigrún Antonsdóttir og var sýningin hluti af loka-verkefni hennar til MA-prófs í hagnýtri menningarmiðlun. Sigrún hélt erindi í lok sýningar. Guillermo Zubiaga gerði teikningar, en Úlfur Kolka hannaði sýninguna.

Þýðingar á íslenskum bókmenntum

Í september var sett upp lítil sýning á 1.h. með nokkrum útgáfum á þýðingum eftir Catherine Eyjólfsson og Erik Skyum-Nielsen, en þau hafa verið ötul við að þýða verk íslenskra höfunda á frönsku og dönsku. Bæði fengu þau viðurkenninguna *Orðstír*, sem ætlað er að vekja athygli á ómetanlegu starfi þýðenda á Bókmenntahátíð 2015.

Þýðingar á verkum Andra Snæs og Yrsu

Þá var í lok árs sett upp á 1.h. lítil sýning með nokkrum erlendum útgáfum á þýðingum bóka eftir Andra Snæ Magnason og Yrsu Sigurðardóttur, en verk beggja hafa verið þýdd á mörg tungumál á undanförunum árum og er útlit bókana skemmtilega fjölbreytt.

Þann arf vér bestan fengum

Hið íslenska biblíufélag er elsta starfandi félag á landinu og fagnaði 200 ára afmæli árið 2015. Hinn 26. september var opnuð sýning á íslenskum biblíu-útgáfum úr fótum félagsins, en sýningin er sam-

starfsverkefni Lbs- Hbs og biblíufélagsins. Félagið afhenti við þetta tækifæri biblíur og fundargerðabækur til varðveislu í safninu. Við opnun sýningarinnar var haldið málþing. Sigurður Ægisson flutti erindi um biblíuþýðingar og Hreinn Hákonarson flutti erindi um Konstantín von Tischendorf, biblíu- og handritasérfræðing. Auk þess ávarpaði Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup samkomuna fyrir hönd biskups og Dögg Harðardóttir, varaforseti Biblíufélagsins afhenti biblíusafn félagsins og fundargerðabækur til varðveislu. Tónlist var flutt á milli erinda. Brynjólfur Ólason sá um hönnun og umbrot sýningarskrár.

Mótun framtíðar – Trausti Valsson

Þann 1. okt. var opnuð sýning í tilefni af starfslokum Trausta Valssonar prófessors við HÍ og útkomu starfsævisögu hans *Mótun framtíðar : Hugmyndir - hönnun – skipulag*. Á sýningunni mátti sjá marga helstu þætti ævi- og starfssögu Trausta, en helstu þemu voru þróun skipulags í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, Íslandsskipulag og byggðamál, sem og breytingar á þróun byggðar í heiminum með hnattrænni hlýnun. Sýningin var í samstarfi Lbs-Hbs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ. Opunar-erindi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra var flutt á skjá, en erindi fluttu einnig Hilmar Bragi Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Trausti Valsson. Um tónlist sá tríó háskólaprófessora. Ólafur J. Engilbertsson hannaði sýninguna í samstarfi við Trausta.

Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness 1955

Þann 27. október var opnuð sýning í tilefni þess að 60 ár voru liðin frá því að Halldór Laxness hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels. Sýningin var samstarfsverkefni Gljúfrasteins, RÚV og Lbs-Hbs. Á sýningunni gaf að líta margvísleg skjöl úr skjalasafni Halldórs sem varðveitt er í safninu, muni frá Gljúfrasteini og Nóbelsverðlaunin sjálf sem eru í vörslu Seðlabanka Íslands. Þá hefur RÚV unnið sérstakan vef sem til-einkaður er Nóbelsverðlaunum Halldórs Laxness. Vefurinn var aðgengilegur á snertiskjá á sýningunni. Þórarinn Eldjárn rithöfundur skrifaði texta sýningarinnar en sýningarteymið skipuðu þau Guðný Dóra Gestsdóttir, Bragi Þ. Ólafsson og Ólafur J. Engilbertsson. Við opnun sýningarinnar stýrði Fríða Björk Ingvarsdóttir formaður stjórna Gljúfrasteins dagskrá, þar sem Þór Tuliunius brá sér í hlutverk Nóbels-skáldsins, Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og landsbókavörður fluttu ávörp, auk þess sem tvíeykið Hundur í óskilum fór á hundavaði yfir verk Laxness í tali og tónum.

Dadadieterdúr

Þann 31. október var í samstarfi við *Dag myndlistar* opnuð sýningin *dadadieterdúr – samruni orðlistar*

og myndlistar. Dadaisminn spratt fram í Sviss árið 1915 og olli sprengingu í myndlist, bókmenntum og fleiri listgreinum. Umsjón höfðu Vigdís Rún Jónsdóttir nemi í listfræði við HÍ, Áslaug Agnarsdóttir, Ólafur J. Engilbertsson og Kim Farah Giuliani.

Haldin voru hádegiserindi tengd sýningunni, um framúrstefnuljóð, prenttilraunir og bókverk á 20. öld. Þann 17. nóv flutti Benedikt Hjartarson erindið *Hver síða verður að springa: um framúrstefnu, ljóðsmíðar og prenttilraunir* og Vigdís Rún Jónsdóttir sagði frá kortlagningu á konkretljóðum á Íslandi á árunum 1955-1975. 24. nóv. flutti Úlfhildur Dagsdóttir erindi um konkretljóð Óskars Árna Óskarssonar og Ólafur Engilbertsson, fjallaði um dadaisma og útgáfur Medúsu og Smekkleysu, með aðstoð rit höfundarins Sjón. Fyrirlestrarir voru í samvinnu við Rannsóknastofu um framúrstefnu við HÍ.

Yfirlit um sýningar og viðburði

Þrettán sýningar voru á árinu, þar af tvær samstarfsverkefni utan safnsins. Tvær sýningar fjölluðu um konur, fimm um karla og sex þar sem fjallað var um hluti eða bæði kyn. Á málþingum í tengslum við sýningar safnsins fluttu 10 konur erindi, en 17 karlar.

Kjörgripir á vef safnsins

Kjörgripir árið 2015 voru 12 og konur tengjast fimm kjörgripum, en karlar sjö.

Skjaldarmerki Íslands – skissa Tryggvi Magnússon
Prentlistin fimm hundruð ára – lýsing Hafsteinn Guðmundsson

Nýja testamentið – þýðing Oddur Gottskálksson
Um Íslands aðskiljanlegu náttúru – handrit Jón Guðmundsson lærði

Dagbækur 1915-1923 – skrifari Elka Björndóttir
Ormarr Örlygsson – höfundur Gunnar Gunnarsson
Almennur kvennafundur í Reykjavík 7. júlí 1915 : dagskrá

Reise igennem Island – höfundar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson

Sönn frásaga af spanskra manna skipbrotum og slagi – handrit Jón Guðmundsson lærði

Hvað er í blýhólknun? – handrit Svava Jakobsdóttir
Um Úrnat – handgerð bók Björk Guðmundsdóttir
Jóla kort – útgefandi Barnaspítali Hringins

Tekið var á móti skólahópum og veitt leiðsögn á sýningum m.a. um Hafstein í Þjóðsögu og á sýningu kosningarétt kvenna. Gefnar voru út tvær veglegar sýningarskrár (um Hafstein Guðmundsson og kosningarétt kvenna) auk þess sem tvær sýningarskrár voru gefnar út í samstarfi (Steinshús og Biblíufélagið). Bæklingur var prentaður um Nóbelsverðlaun Laxness í samstarfi við Gljúfrastein. Í samstarfi við Þjóðminjasafnið voru útbúnir þrír minjagripir

fyrir Safnahúsið, tvö póstkort og spegill með myndum úr handritum.

TÖLVUREKSTUR

Tölvurekstur sér um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi þess. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum safnsins (LBS / Reykholt / HýsingVerneGlobal) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé ávallt gætt.

Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymsla, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notenda-stjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á hverskonar búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, uppsetning og rekstur á öryggismyndavélakerfi.

Uppfærslur og viðbætur

Nokkuð var um uppfærslur á stýrikerfum netþjóna á árinu. Uppfærðar voru skráarþjónustur í nýjustu útgáfur Windows Server 2012 R2 og um leið voru afritunarreglur endurhannaðar með langtíma varðveislu í huga. Þjónustur sem sinna vefsöfnun voru uppfærðar í nýjustu útgáfu Redhat Enterprise Linux 7. Við bættust þjónustur t.d. fyrir kóðahillu (gitlab) vegna upplýsingatæknihóps. Einnig voru settir upp fjórir netþjónar tímabundið fyrir verkefni vegna *timarit.is*.

Sýndarumhverfi var flutt í heild sinni í klasaumhverfi (cluster) sem hýst er á HP 3Par gagnageymslu safnsins. Þá var hluti sýndarumhverfisins sem hýstur er í Verne Datacenter fært úr VmWare sýndarumhverfi í Microsoft Hyper-V sýndarumhverfi.

Endurnýjaðar voru tölvur (thinclients) á gestaneti safnsins og þeim fækkað um 11 þar sem ekki er lengur þörf á tölvuverinu á 3.h. Tekið var tilboði Opinna kerfa í HP Desktop Pro 600 Mini tölvur.

Tölvur starfsmanna voru endurnýjaðar og tekið tilboði Advania um Dell Optiplex 9200m tölvur. Alls voru 95 vélar í pakknum, uppsettar með Windows 10 stýrikerfinu og Office 2016. Flestir starfsmenn fengu vélarnar með tveimur skjáum.

Gagngeymslulausnin sem fjárfest var í frá HP 2013 var uppfærð í samstarfi við Opin kerfi, en fljótlega bar á þörf fyrir meira diskarými. Stækka þurfti lausnina um 10TB til viðbótar.

Öryggismyndavélum var fjölgað um fimm og sá tölvurekstur um innleiðingu og kom að uppsetningu þeirra ásamt hússtjórn. Netbúnaður, þar á meðal eldveggur og öryggissía (Websense), var uppfærður í nýjustu útgáfu, sem og vírusvarnir safnsins.

Daglegur rekstur útstöðva var fyrirferðamikill á árinu en helstu vandamál snéru enn og aftur að prentun nemenda við HÍ. Verkbeiðnirnar urðu 606 sem er svipað og í fyrra.

Lykiltölur

285TB	heildarmagn á diskastæðum
150TB	í gagnaskýi Advania
60	netþjónar - 35 windows, 24 linux / 26 sýndarþjónar (virtual)
105	tölvur starfsmanna
26	tölvur gesta og nemenda
15	tölvur kiosk þjónustur
16	prentarar og ljósritunarvélar, gestir og starfsfólk
6	netaðgangs- og öryggisbúnaður
368	IP tölur skráðar í uppflettiskrá

Annar búnaður eingöngu á innra neti:

90	IP símtæki
15	öryggismyndavélar
12	netbeinar (switch)

UPPLÝSINGATÆKNI OG VEF-STJÓRN

Upplýsingatækniþópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. þjóðbókasöfn Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Landsbókasafn.is

Áfram var unnið að því að bæta aðalvef safnsins með hliðsjón af könnuninni *Hvað er spunnið í opinbera vefi* sem gerð var á árinu. Ennfremur voru gerðar þó nokkrar breytingar á útliti.

Vefir fyrir stafrænar endurgerðir

Undanfarin ár hefur safnið byggt upp nokkra vefi með stafrænum endurgerðum, eins og *timarit.is*, *bækur.is*, *handrit.is* og *islandskort.is*. Rekstur þeirra var með eðlilegum hætti á árinu. Helsta nýjung ársins var að *timarit.is* var uppfærður til að styðja betur við spjaldtölvur og farsíma og ný útgáfa var sett í loftið í desember, þar sem hægt verður að sækja einstakar greinar sem pdf-skjöl. Þá voru einnig gerðar umbætur á myndflettingum á *handrit.is* og vefurinn *bækur.is* var samtengdur við *Bókaskrá 1534-1844*. Eins og undanfarin ár, var *timarit.is* langvinsælasti vefur safnsins.

Vefsöfnun

Þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar og gekk allt eðlilega fyrir sig. Um 54 þúsund lén tilheyra .is og söfnuðust að meðaltali um 95 milljónir skjala í hverri söfnun. Um er að ræða svipað magn og 2014. Nokkur aukning (18%) varð hinsvegar á gagnamagninu þar sem myndefni safnast nú betur en áður. Vikulegum söfnunum á völdum vefjum var einnig haldið áfram. Það eru vefir sem valdir voru af starfsfólki skylduskila m.t.t. þess að þar væri efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Mikil vöxtur er vegna gagnamagns í þessum söfnunum. Ljóst er að endurskoða þarf fyrirkomulag þeirra. Safnanir á vefjum þar sem stuðst var við RSS fréttastreuma var aukið nokkuð á árinu þar sem tilraunir undanfarinna ára hafa gefið mjög góða raun. Þannig er mögulegt að ná mun betur örum breytingum sem verða á vefjum, jafnvel með nokkra mínútna millibili.

Skemman.is

Skemman.is er sameiginlegt varðveislusafn íslenskra háskóla fyrir námsritgerðir og rannsóknarrit. Rekstur Skemmunar var með eðlilegum hætti og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum.

Rafhlaðan.is

Rafhlaðan.is er rafrænt varðveislusafn Lbs-Hbs. Þar er einkum varðveitt skylduskilaefni sem gefið er út á PDF formi. Þar má nefna skýrslur og greinargerðir stofnana, ráðuneyta og fyrirtækja. Rekstur Rafhlaðunnar var með eðlilegum hætti árið 2015 og voru engar stórar breytingar gerðar á vefnum.

Hljóðsafn

Hljóðsafnið (*hljodsafn.landsbokasafn.is*) hefur að geyma stafrænt hljóðefni sem Lbs-Hbs varðveitir. Sem stendur er um að ræða efni frá Miðstöð munnlegrar sögu og tónlist úr Tón- og myndsafni. Einungis lítill hluti efnisins er aðgengilegur yfir Internetið vegna höfundaréttarmála. Almennigur getur þó nálgast allt efni úr tölvum á 4.h. Bókhlaðunnar. Hljóðsafnið er alfarið þróað af upplýsingatækniþópi.

Bókaskrá 1534-1844

Bókaskrá yfir rit gefin út á Íslandi frá 1534 til 1844 var komið í tölvuvinnanlegt form og upplýsingatækniþópur hannaði vef utan um skrána. Þar er hægt að skoða efnið eftir staðarnöfnum, fólki, tímabilum o.fl. Skráin er tengd *bækur.is*.

Einkaskjöl.is

Einkaskjöl.is er nýr vefur sem hefur að geyma skráningarupplýsingar fyrir skjalasöfn í fórum Lbs-Hbs. Vefurinn byggir á opna hugbúnaðinum AtoM (Access to Memory). Lokið var við aðlaga útlit á árinu og var vefurinn samþættur við myndagrunn

safnsins þannig að hægt er að tengja saman skráningu á efni og stafrænar endurgerðir af því.

Alþjóðleg samvinna tengd vefsöfnun

Safnið hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu tengdri vefsöfnun um árabil, m.a. í gegnum IIPC (International Internet Preservation Consortium)

samstarfið. Árið 2014 samþykkti IIPC að aðalfundur samtakanna yrði haldin í Reykjavík árið 2016. Unnið hefur verið að undirbúningi ráðstefnunnar á árinu. Þá hefur upplýsingatæknihópur unnið að ýmsum verkefnum tengdum helstu tólum sem notuð er í vefsöfnun. Má þar nefna endurskoðun á ISO staðli 28500 varðandi WARC skráarsniðið og áframhaldandi þróun á OpenWayback hugbúnaðinum.



Opnun sýningarinnar *Vér heilsum glaðar framtíðinni*, um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.



Kaka í tilefni af áfangasigurum við innleiðingu RDA skráningarreglnanna á Íslandi.

AÐFÖNG OG SKRÁNING

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsóknna, móttöku gjafa, flokkun, skráningu, bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Faghópurinn tímarit og staðalnúmer bættist við á árinu. Í árslok voru 24 starfsmenn í 22.25 ársverkum. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir.

AÐFÖNG

Ritakaup safnsins og HÍ

Helstu verkefni aðfanga eru utanumhald vegna kaupa á gögnum fyrir Lbs-Hbs og fræðasvið/deildir HÍ, svo sem pöntun, móttaka og aðfangaskráning og móttaka gjafa. Söfnun og aukin greining á tölfraðilegum gögnum var einnig stór þáttur í starfseminni á árinu. Unnið var að þróun aðfangabáttar Gegnis í samstarfi við Landskerfi bókasafna þar sem megináherslan var lögð á kóðun efnis til að ná fram sundurliðun á efnisformi aðfanga og skýrari tölfraði.

Gagnakaup safnsins og HÍ

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2015 um 18.4 millj. kr. sem skiptist þannig:

Bækur	5.5 m. kr.
Tímarit	6.9 m. kr.
Tón- og myndefni	0.4 m. kr.
Landsaðgangur	3.9 m. kr.
Rafrænar séráskriftir	<u>1.7 m. kr.</u>
Alls	18.4 m. kr.

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum HÍ til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2015 var sem hér segir:

Félagsvísindasvið	12.6 m. kr.
Heilbrigðisvísindasvið	3.4 m. kr.
Hugvísindasvið	9.0 m. kr.
Menntavísindasvið	0.6 m. kr.
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	<u>15.3 m. kr.</u>
Alls	40.9 m. kr.

Landspítali-Háskólasjúkrahús kaupir ennfremur efni fyrir Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið sér um innkaup fyrir sitt bókasafn. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru rúmar 42.7 millj. kr., sem er tæpum 2 millj. kr. hærra en fjárveiting fræðasviða og/eða deilda HÍ var, en margar deildir áttu afgang frá 2014 sem þær nýttu á árinu. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa:

Bækur og myndefni	8.9 m. kr.
Tímarit	11.9 m. kr.
Rafrænar séráskriftir	<u>21.9 m. kr.</u>
Alls	42.7 m. kr.

Auk þessa greiddi HÍ miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir séráskriftir að öðrum gagnasöfnum svo sem *JSTOR* og *CSA*:

Landsaðgangur (miðlægt)	39.1 m. kr.
Rafrænar séráskriftir (miðlægt)	<u>7.9 m. kr.</u>
Alls	47,0 m. kr.

Miðstöð íslenskra bókmennta

Samkvæmt samstarfssamningi safnsins og Miðstöðvar íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir. Fjöldi bóka barst frá Miðstöðinni á árinu og eins fékk safnið eldri þýðingar frá Rithöfundasambandi Íslands í tengslum við þennan samstarfssamning.

Gjafir

Margar góðar gjafir bárust á árinu, bæði frá einstaklingum og stofnunum. Safnið fær reglulega nýjar þýskar og svissneskar bækur frá Pro Helvetia og japanskar skáldsögur í enskri þýðingu frá Japan Literature Publishing and Promotion Center (JLPP). Í ár bárust einnig nýjar norskar skáldsögur frá Biblioteksentralen. Þá fékk safnið að gjöf stór bókasöfn Samtakanna '78 og Mannréttindaskrifu Íslands. Meðal annarra gjafa má nefna bókagjafir frá sendiráði Taílands, Vínafélagi Vestur-Sahara, Þróunarsamvinnustofnun, Kjalarnesprófastsdæmi og Bók-sölu stúdenta. Meðal einstaklinga sem færðu safninu gjafir á árinu eru Baldur Símonarson, sem gaf bækur föður síns, Símons Jóh. Ágústssonar, Stefán Svavarsson gaf gott safn bóka í viðskiptafræði, Margrét Jónsdóttir gaf bækur í spænsku, Maurizio Tani gaf ítalskar bækur og Margaret Cormack bækur í miðaldafræðum. Margrét Jónsdóttir, ekkja Jóns Gunnarssonar málfræðings, gaf safn málvísindarita.

SKYLDUSKIL

Hlutverk skylduskila er að vinna að innheimtu, mótöku, og ráðstöfun nýs íslensks efnis samkvæmt lögum um skylduskil. Þar er unnið að aðfangaskráningu og frágangi þessa efnis, auk eldra efnis sem berst með ýmsu hætti, og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni. Þá sjá skylduskil um söfnun rafræns efnis og val á því. Önnur verkefni faghópsins er skráning doktorsritgerða á vefinn *doktor.landsboka-safn.is*.

Skylduskil halda og saman tölulegum upplýsingum um útgefin blöð, tímarit, ársskýrslur, smælki og fleira. Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan

Rafrænn hluti skylduskila fer vaxandi s.s. söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Rafrænt efni er annars vegar geymt á *rafhlaðan.is*, eða á *tímarit.is*, sem hýsir bæði stafrænt efni og stafrænar endurgerðir. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti. Heimsóknir fóru yfir 20.000 á árinu. Meirihluti, eða 75%, koma frá leitarvél. Snjalltækjanotkun er enn lítil, en fer vaxandi.

Vefsöfnun

Völdum vefsíðum er safnað vikulega, einkum vefsíðum miðla sem breytast ört eða geyma efni sem telst áhugavert í þjóðfélagslegri umræðu hér á landi, s.s. fréttafni, stjórnmalaskrif, fregnir af menningar-atburðum, tíðindi af landsbyggðinni o.fl. Fjöldi vefja í slíkri reglulegri söfnun hefur haldist í kringum hundrað. Einnig er safnað efni sem varðar Ísland eða Íslendinga og er til á öðrum lénum en *.is*. Erlendar slóðir sem safnað er, voru í desember 1.943. Engin sérstök viðburðasöfnun var gerð.

Enumerate-könnunin

Í skylduskilum er haldið utan um Enumerate-könnunina sem er samstarfsverkefni menningarstofnana í Evrópu og felst í því að kortleggja hversu mikið af safnkosti þeirra er komið á stafrænt form. Fyrsti spurningalistinn til stofnana hér á landi fór út síðla árs 2013 og niðurstöður voru birtar vorið 2014 á *enumerate.eu*. Skýrslan *Stafræn menning* var gefin út í mars, en þar eru niðurstöðurnar teknar saman og rýnt í stöðuna á Íslandi. Þriðja könnunin var send út á árinu og niðurstöður sýndu svipaða mynd og áður.

Aðföng og frágangur blaða og tímarita

Allt nýtt íslenskt efni sem er tímaritakyns eða kemur út með reglubundnum hætti, er móttekið um eintakapáttinn í Gegni, en unnið er að því að taka í notkun pantana-, spá- og áskriftamynstur tímarita í kerfinu svo hægt sé að nýta aðfangapátt tímarita betur. Þá er talsverð vinna við að ganga frá eldra efni í blaðöskjur og eintakstengja. Allnokkuð berst af gjöfum, m.a. frá stofnunum sem hafa lagt niður bókasöfn sín. Ef óbundin heil eintök berast, sem ekki hafa verið mynduð fyrir *tímarit.is*, er þeim komið til myndadeildar. Síðan er þeim ráðstafað í safnið eða í önnur söfn sem vilja.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir út listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu prentaðra bóka, sem önnur söfn eiga en hafa ekki borist í safnið. Einnig er fylgst með í blöðum, *Bókatíðindum*, fréttum og á netinu til að hafa upp á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi, sömuleiðis hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um gögn sem vantar. Reglulega er haft samband við þá sem prenta erlendis og þeir minntir á sitt hlutverk. Þá er gott samstarf við Góða hirðinn, nytjamarkað Sorpu og farið þangað reglulega.

TÍMARIT OG STAÐALNÚMER

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita safnsins og HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt fyrir HÍ er að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2015 voru 269 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 434 af ritakaupafé, samtals 703 titlar. Áskriftum fækkaði um 8 titla frá fyrra ári. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim fer fækkandi.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit, bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séraskriftum háskóla auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Úthlutað var 70 númeraröðum á árinu og 207 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí inniheldur 4.420 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 112 ISSN númerum og þar af 24 fyrir ný tímarit á tímabilinu. Alls var úthlutað 88 ISSN númerum fyrir gömul tímarit. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 2.857 færslur.

Alþjóðlegt nótnúmer ISMN

Úthlutað var 3 númeraröðum og 3 stökum ISMN númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið úthlutað 15 númeraröðum og 11 stökum númerum. Skrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí inniheldur 23 færslur.

ÍSLENSK SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Í íslenski skráningu og bókfræðistjórn er íslensk útgáfa, sem berst safninu gegnum skylduskil skráð, flokkuð og lyklud í Gegni. Ýmist er um að ræða efni

á áþreifanlegu formi eða rafrænt, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur er þar skráð talsvert af efni sem gefið er út erlendis en varðar Ísland, eða er eftir Íslendinga (*Islandica extranea*). Þessi útgáfa berst safninu í gegnum innkaup og gjafir eða frá vinnu-matssjóði háskólakennara við HÍ.

Íslensk útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Skrá um íslenska útgáfu er dregin út úr Gegni og birt á vefnum *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega. Starfsmenn íslenskrar skráningar sjá um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast í útgáfuskránni og sjá um að fara yfir og leiðrétta gögnin.

Bókfræðileg stjórn Gagnis fer að öllu jöfnu fram í svokölluðum nafnmyndagrunni. Sú vinna er nær öll á hendi starfsmanna íslenskrar skráningar. Í nafnmyndaskránni birtast tilvísanir bæði mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnis-orða. Þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og fornrit, svo dæmi sé nefnt.

Umsjón og utnumhald um greiniskráningu íslenskra tímarita í Gegni er eitt af verkefnum sviðsins, en mörg sérfræðisöfn taka að sér greiniskráningu á sínu fag- eða áhugasviði. Meðal þess sem þarf að huga að er samræmi við skráningu á vefnum *tímarit.is* en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist á *tímarit.is*. Þá er fylgst sérstaklega með því efni sem skráð er í Gegni og birt á vefnum *bækur.is*.

Íslensk skráning hefur umsjón með gæðaeftirliti á rafrænum tenglum í Gegni. Öll vinna við viðhald rafrænna tengla í bókfræðigrunni fer fram í safninu og þaðan fá önnur aðildarsöfn Gagnis upplýsingar um færslur sem þarf að fara yfir.

Innleiðing RDA skráningarreglnanna

Árið var litað af undirbúningi fyrir innleiðingu nýrra alþjóðlegra skráningarreglna, Resource Description and Access (RDA), við skráningu í Gegni, en safnið er leiðandi í því ferli. Magnhildur Magnúsdóttir var skipuð verkefnastjóri innleiðingarinnar og margir skrásetjarar fengu hlutverk í vinnuhópum tengdum innleiðingunni. Meðal verkefna var heimsókn í bókasöfn í Bretlandi og Hollandi til að skoða hvernig innleiðing var háttað þar. Í apríl sendi safnið fulltrúa á árlegan fund EURIG (European RDA Interest Group) í Sviss og í maí var fenginn til landsins sérfræðingur frá British Library til að halda fræðslufundi um RDA reglurnar.

Á árinu var áfram unnið að ýmsum sérverkefnum sem auka eiga á gæði og samræmi í skráningar-færslum og bæta leitarheimtúr. Dæmi um slíkt eru sameiningar á tvöföldum bókfræðifærslum, átaks-verkefni til að ná samræmi í skráningu ritraða, og

efnisorða- og kóðavinna sem miðar að því að bæta aðgengi notenda að þýðingum á íslenskum bókmenntaverkum. Þá tók safnið að sér verkefni fyrir Náttúruminjasafn Íslands og sá Rósa Björg Jónsdóttir um að skrá, flokka, eintakstengja og ganga frá bókum og tímaritum í húsnæði Náttúruminjasafns. Mikil vinna var lögð í tónlistarskráningu og samvinnu við tón- og myndasafn um skráningu á hljóðritaðri tónlist og hljóðbókum, gefnum út á gömlum snældum, hljómplötum og geisladiskum sem verið er að færa yfir á stafrænt form.

Safnið sá um kennslu í skráningu, flokkun og lyklun við námsbraut í upplýsingafræði við Háskóla Íslands en kennslan fór fram í safninu.

ERLEND SKRÁNING OG BÓKFRÆÐISTJÓRN

Meginverkefni faghópsins er flokkun, lyklun og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ og safnið, ennfremur efni sem berst í bókagjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér faghópurinn að hluta til um flokkun og lyklun á erlendum ritauka Íslandssafns og skráir kafla úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Þá sér hópurinn um skráningu og lyklun á meistaraþrófsritgerðum frá HÍ í Gegni, en þær eru aðgengilegar á 3.h. safnsins. BA og BS ritgerðir eru nú aðeins aðgengilegar í Skemmunni, en starfsmenn erlendar skráningar gefa þeim efnisorð.

Flokkun og skráning

Á árinu var áfram unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum í Gegni. Einnig fór fram nafnmynda- vinna vegna lokaritgerða. Nokkuð var endurflokkað skv. 23. útg. Dewey kerfisins. Aðallega voru það smærri flokkar ásamt nokkru magni um sögu Svíþjóðar. Umsjón með samlagsáskrift að VefDewey er í höndum fagstjóra erlendar skráningar sem úthlutar aðgangsorðum til aðildarsafna. Fagstjóri er fulltrúi Íslands í EDUG (European DDC Users Group) sem er evrópskt notendafélag Dewey-flokkunar- kerfisins.

GÆÐASTJÓRN GEGNIS

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna sem rekur bókasafnskerfið Gegni og leitarvefinn *leitir.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði, þær Hallfríði Hr. Kristjánsdóttur og Hildi Gunnlaugsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði þessi ráð starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig þrjá fulltrúa í gæðahópi

Gegnis en sá hópur gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Gæðastjóri Gegnis á jafnframt sæti í vinnuhópi um rafgögn sem Landskerfi bókasafna stýrir. Gæðastjóri og fagstjóri íslenskrar skráningar sjá um að svara pósti sem berst á netfangið gegnir@landsbokasafn.is. Um er að ræða ábendingar um lagfæringar eða villur sem þarf að leiðrétta. Að meðaltali bárust 60 erindi á mánuði árið 2015.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið sér um og uppfærir Handbók skrásetjara Gegnis sem er vinnutæki allra skrásetjara landsins og er aðgengileg á vefnum hask.landsbokasafn.is. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki þrír starfsmenn íslenskrar og erlendar skráningar. Sóley Hjartardóttir leiðir endurskoðun vegna innleiðingar nýrra skráningarreglna.

Fræðsla og þróunarverkefni

Kennsla nýrra skrásetjara er á höndum gæðastjóra, en skráningarleyfi í Gegni er bundið við að viðkomandi hafi sótt þriggja daga námskeið sem haldið er á vegum Landskerfis bókasafna einu sinni til tvisvar á ári. Starfsmenn íslenskrar og erlendar skráningar aðstoða við kennsluna. Fræðslufundir fyrir skrásetjara eru að jafnaði tvisvar á ári og eiga starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis drjúgan þátt í mótun dagskrár og flutningi.

RDA skráningarreglurnar

Áætlun um innleiðingu RDA skráningarreglnanna var gerð í september 2014 og unnið var samkvæmt henni á árinu 2015. Safnið gegnir veigamiklu hlutverki í ferlinu ásamt skráningarráði Gegnis og fleiri hagsmunaaðilum. Sérfræðiráðgjafar var aflað erlendis, einkum hjá British Library. Sex sérfræðingar fóru frá Íslandi í fræðsluferð til Bretlands og Hollands. Alan Danskin frá British Library var fenginn hingað til fyrirlestrahalds á fræðslufundi skrásetjara. Hann hélt líka námskeið fyrir lykilfólk innleiðingarinna. Unnið var að námsefnisgerð og öðrum undirbúningi fyrir námskeið um RDA sem haldin verða 2016 fyrir alla starfandi skrásetjara Gegnis. Skrásetjarar leiddu viðamikil starf á vegum skráningarráðs við gerð íslenskra leiðbeininga um skráningu samkvæmt RDA. Unnið var að þýðingum á inngangi RDA reglnanna og hugtakalistum. Aðlögun bókasafnskerfisins vegna RDA var unnin í samstarfi Landskerfis bókasafna og Landsbókasafns. Gert er ráð fyrir að í maí 2016 verði öll frumskráning í Gegni samkvæmt RDA. Verkefnisstjóri RDA innleiðingar er Magnhildur Magnúsdóttir.



Spegillinn, 2. tbl., 43. árg. 1983 var opnaður og settur á timarit.is í júlí.

VARÐVEISLA OG STAFRÆN ENDURGERÐ

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefna íslensku efni skv. lögum um skylduskil nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð og útlánum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við safngesti. Í lok ársins var fjöldi starfsfólks 19 en ársverk voru 17.5. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

FORVARSLA OG BÓKBAND

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Síðastliðin ár hefur starfsemi bókbandsstofunnar tekið þeim breytingum að dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Bókbandsverk á árinu 2015 voru alls 44.315 (48.498) einingar. Þá var lokið við að meta ástand og laga gögn frá safninu sem sett voru á sýninguna Sjónarhorn í Safnahúsinu.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efni. Einnig er unnið að myndatöku að beiðni notenda

safnsins, vegna sýninga og viðburða. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efni sem myndað var á árinu. Alls voru myndaðar 214.897 (206.462) bls. Ítarlegri upplýsingar um efni myndað á myndastofu má lesa í kafla um árstölur.

Blöð og tímarit	104.002 bls.
Bækur	67.731 bls.
Handrit	38.240 bls.
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn	4.631 eining
Einkaskjöl	198 bls.
Fyrir Rafhlöðuna	95 bls.

HANDRITASAFN

Meginhlutverk handritasafns er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Starfsfólk skráir handrit og einkaskjalasöfn, annast

kynningu á handritasafni fyrir nemendahópa, þjónustar safngesti á lestrarsal, sinnir upplýsingaþjónustu, aðstoðar við sýningar og heldur úti síðu á samfélagsmiðlum til að kynna starfsemina ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Aðföng

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið, en 81 handrita- og skjalasafn var afhent til eignar og varðveislu. Sem dæmi má nefna gögn Einars Olgeirssonar stjórnmálamanns, ættfræðisafn Atla Steinarssonar yfir fólk af íslenskum uppruna í Vesturheimi, dagbækur og fleira úr fótum Ólafs Friðrikssonar ritstjóra, bréf og gögn Péturs Sigurðssonar háskólaritara, skjalasafn Guttorms Pálssonar skógarvarðar, bréfasafn Huldu Sigurveigar Helgadóttur húsfreyju, og gögn Jónu Margrétar Guðmundsdóttur. Þá má nefna eiginhandarrit með ljóðum Hannesar Hafstein (Lbs 5620 4to). Sigurjón Páll Ísaksson afhenti ýmis handrit sem hann hefur viðað að sér, alls 37 handrit, einkum rímur, sálmar, bænir, gátur og fleira.

Skráning aðfanga

Áfram var unnið að skráningu í aðfangaskrá 1964-2013. Í árslok var búið að skrá 1.151 handrit úr aðföngum og einnig setja upplýsingar um efnið á *handrit.is*, auk þess sem 90 einkaskjalasöfn voru sett á safnmark og gengið frá í öskjur.

Samskrá handrita – handrit.is

Haldið var áfram skráningu handrita á *handrit.is*, sem er samskrá og rafrænt gagnasafn íslenskra handrita sem varðveitt eru í handritasafni, Stofnun Árna Magnússonar og Árnasafni í Kaupmannahöfn. Í árslok 2015 höfðu 5.533 (5.192) handrit í vörslu Landsbókasafns verið frumskráð, fjöldi handrita sem voru mynduð er 1.510 (1.447) og fjöldi mynda 396.961 (372.529). Á árinu voru 101 skinnblað og 42 fornbréf jafnframt skráð á vefinn (fragm. og dipl.).

Skráning einkaskjalasafna – einkaskjol.is

Haldið var áfram skráningu á *einkaskjol.is* sem byggir á AtoM (Access to Memory) frá Alþjóða skjalaráðinu. Kvennasögusafn og Miðstöð munnlegrar sögu unnu einnig að skráningu á sínum gögnum í þennan grunn sem var opnaður fyrir almenning árið 2015. Um 200 einingar voru komnar í grunninn í árslok.

Samskrá einkaskjalasafna – einkaskjalasafn.is

Þann 16. apríl 2015 var vefurinn *einkaskjalasafn.is* opnaður, en hann hefur að geyma samskrá yfir einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á Íslandi. Í samstarfshópi um vefinn sátu fulltrúar frá handritasafni, Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnunum. Alls var sett 181 færsla inn á vefinn frá handritasafni á árinu.

Heimsóknir

Hópar nemenda við Háskóla Íslands komu í heimsókn og fengu kynningu á sögu, safnkosti og hlutverki handritasafns á árinu. Um var að ræða nemendur í bókmenntafræði, sagnfræði, íslensku og þjóðfræði. Þá komu finnskir sagnfræðinemar í heimsókn og nemar í Alþjóðlega sumarskólanum í handritafræðum.

Nemar í starfsþjálfun

Á árinu störfuðu tveir erlendir nemar í starfsþjálfun í handritasafni um skeið. Þá unnu Elsa Ósk Alfreðsdóttir, Kristín L. Linnet og Áslaug Heiður Cassata við verkefnið *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: tilurð, samhengi og söfnun* (sjá neðar).

Íslensk bóksaga – fyrirlestraröð

Á árinu voru haldnir níu fyrirlestar í fyrirlestrarröðinni *Íslensk bóksaga*, þrír af starfsmönnum safnsins og fimm á vegum utanaðkomandi fræðimanna. Markmið fyrirlestrarraðarinnar er að búa til vettvang fyrir starfsfólks safnsins og utanaðkomandi fræðimenn til að kynna verkefni og rannsóknir á safnkosti Lbs-Hbs. Fyrirlestraröðin var styrkt af Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar.

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar voru notaðir til að kynna áhugavert efni úr fótum handritasafns. Fésbókarsíða handritasafns birti þannig ljósmyndir og kynningar á ýmsum gögnum og handritum og var síðan með um 1.200 fylgjendur í árslok 2015.

Námskeið um frágang einkaskjalasafna

Þann 4. nóvember stóð handritasafn að námskeiði um frágang einkaskjalasafna þar sem Halldóra Kristinsdóttir fór yfir helstu atriði varðandi frágang einkaskjalasafna fyrir almenning.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Lbs-Hbs tekur þátt í Rannís verkefninu *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: tilurð, samhengi og söfnun*. Handrit Jóns Árnasonar að þjóðsögum og ævintýrum eru varðveitt í handritasafni, 23 að tölu. Unnið var að grunnskráningu handritanna inn á *handrit.is*. Einnig var unnið að því að skrá bréf til og frá Jóni Árnasyni inn á vefinn *einkaskjol.is* og gerðar tilraunir með myndun og birtingu á þeim.

Kallað eftir skjölum kvenna

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna stóð handritasafn, í samstarfi við aðrar skjalavörslustofnanir, fyrir átaki um söfnun á skjölum kvenna. Markmið átaksins var að rétta hlut kvenna í skjalasöfnum landsins en skjöl þeirra eru þar í miklum minnihluta. Átakinu var einnig ætlað að minna á

mikilvægi þess að haldið sé utan um skjöl almennings og þau afhent skjalasöfnum til varðveislu. Alls skiluðu átta afhendingar sér inn í handritasafn gegnum söfnunarátakið en einnig skilaði átakið söfnum til annarra skjalavörslustofnana.

Reassembling the Republic of Letters

Safnið tekur þátt í COST verkefninu *Reassembling the Republic of Letters. A digital framework for multi-lateral collaboration on Europe's intellectual history*. Þrjátíu Evrópuþjóðir taka þátt í verkefninu sem miðar að því að taka saman samskrá yfir bréfaskipti fræði- og vísindamanna í Evrópu á tímabilinu 1500–1800 og birta tengslanet þeirra með myndrænum hætti. Í mars var haldinn vinnufundur á vegum verkefnisins í Oxford og sótti Bragi Þorgrímur Ólafsson hann.

ÍSLANDSSAFN

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita fyrir komandi kynslóðir sem og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. og þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal.

Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Einnig þarf að flokka og ganga frá svo-kölluðu dægurprenti t.d. bæklingum og auglýsingum sem sífellt bætist við. Árið 2015 var lokið við flokkun og frágang á dægurprenti ársins 2013 og flokkun á dægurprenti ársins 2014 var langt komin í árslok. Samkvæmt tölfræðiupplýsingum úr Gegni bættust rúmlega 8.000 strikamerkjaeiningar við safnkost Íslandssafns árið 2015, en þar af eru um 3.000 einingar í varaeintakasafninu í Reykholti.

Stafræn endurgerð fyrir tímarit.is

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *tímarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum og einnig ritrýnd íslensk tímarit. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út, en útgefendur greiða fyrir myndun ritanna. Árið 2015 bættist við 41 tímarit með 354.040 bls. Munaði þar mestu um rafræn skil á helstu dagblöðum sem gefin eru út hér á landi. Sá merkilegi áfangi náðist á árinu að fjöldi blaðsíðna fór yfir fimm milljónir.

Gestir Íslandssafns

Gestir á lestrarsal Íslandssafns og handritasafns árið 2015 voru 3.580 samkvæmt skráningu í gestabók,

og fleiri karlar en konur. Gestum hefur farið fækkaði síðustu ár og má það m.a. rekja til þess að nú er hægt að sækja sér þjónustu Íslandssafns á netinu í meira mæli en áður.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni er varðveitt í Þjóðarbókhöfðu. Í Reykholti er starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni, sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega í mars-apríl. Auk þess liggur þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur í Gegni. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða tímaritunum. Tveir starfsmenn Íslandssafns og einn starfsmaður íslenskrar skráningar fóru reglulega í Reykholt til að vinna við að eintakstengja og raða eldri tímaritum og ársskýrslum.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prentefni og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og eru þau talin með öðrum ritakaupum. Þá er reynt að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa.

Nemar í starfsþjálfun

Árið 2015 störfuðu tveir nemar í starfsþjálfun í Íslandssafni. Þau tóku þátt í að undirbúa tímarit og bækur fyrir myndatöku til stafrænnar endurgerðar en unnu líka að endurskipulagningu safnkosts í geymslum í kjallara.

SÉRSÖFN

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn sem tilheyra Lbs-Hbs og veita aðgang að þeim auk ýmissa annarra verkefna. Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og skráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2015 voru 1.181 (1.011) titlar aðgengilegir í 1.390 (1.155) bindum, samtals 372.783 (305.267) bls.

Vinna hélt áfram við *Íslenska bókaskrá til 1844* og voru sett efnisorð við hvert rit auk þess sem bætt var við færslum fyrir þær tilskipanir, opinber bréf og fleira sem komu út á þessum tíma.

Þrjár dætur Kristmanns Guðmundssonar skálds komu í heimsókn í desember til að fylgjast með undirbúningi að stofnun sérsafns um föður þeirra. Úthlutað var í sjötta sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar

rannsóknna á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskrí bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Umsóknir voru fjórtán og hlutu sex þeirra styrk.

KVENNASÖGUSAFN

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 en varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti þá í Þjóðarborghlöðu. Í Kvennasögusafni eru veittar upplýsingar og þar og í Íslandssafni eru sótt skjöl til afnota á lestrarsal á 1.h.

Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safnið miðlar einnig þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir stór skjalasöfn kvenfélaga, þar á meðal skjöl Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaframboðsins og Kvinnalistans. Í Kvennasögusafni má einnig finna minni skjalagögn einstaklinga og ýmis skjöl sem á einhvern hátt tengjast íslenskum konum og þeirra sögu.

Gestir voru 117 talsins samkvæmt gestabók, 18 karlar og 99 konur. Skráð voru 22 símtöl við karla og 121 símtal við konur, og 43 tölvupóstar við karlmenn og 162 við konur (hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni).

Í stjórnarnefnd Kvennasögusafns sátu Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræði við HÍ, Helga Guðmundsdóttir af hálfu Kvenfélagasambands Íslands, Edda G. Björgvinsdóttir af hálfu safnsins fram á mitt ár, er Bragi Þorgrímur Ólafsson tók þar sæti.

Skráning og frágangur gagna

Aðföng Kvennasögusafns eru skráð í aðfangaskrá. Einnig má finna upplýsingar um gögn kvenfélaga á vef Kvennasögusafns. Unnið er að skráningu þeirra skjalasafna sem í safninu eru á vefinn *einkaskjöl.is*. Við árslok 2015 höfðu 85 skjalasöfn verið skráð þar. Safninu bárust 22 einingar árið 2015. Meðal aðfanga má nefna gögn úr starfi Kvenfélags Árneshrepps, félags sem stofnað var 1926 og hætti störfum 2006, og stórt gagnasafn úr fornum Sigríðar Björnsdóttur, listakonu og listþerapista.

Kynningar

Forstöðukona safnsins, Auður Styrkársdóttir, hélt fjölmörg erindi á árinu, sem flest tengdust starfi hennar sem formanns framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Afmæli

Haldið var upp á 40 ára afmæli Kvennasögusafns þann 5. desember, sem er afmælisdagur Önnu Sigurðardóttur stofnanda þess, með dagskrá í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands. Þar var Önnu minnst og starfs

hennar í þágu íslenskrar kvennabaráttu og kvennasögu auk þess sem saga Úanna, ungra kvenna í Kvenréttindafélaginu um 1970, var rifjuð upp.

TÓN- OG MYNDSAFN

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að þaulsafna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins keypt efni, s.s. erlendar kvikmyndir og tölvugögn, ætlað háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótnaheftum til útláns auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst í safnið er skráð jafnóðum í Gegni. Tveir erlendir starfsmenn unnu í tón- og myndsafni samtals í 15 vikur, m.a. við afritun geisladiska í Hljóðsafnið.

Hljóðsafn

Í Hljóðsafninu (*hljodsafn.landsbokasafn.is*), sem opnað var 1. desember 2014, eru stafræn afrit af 78 snúninga hljómplötum og tónlistardiskum, auk vefútgáfu sem afrituð hefur verið til varðveislu. Tilgangurinn með Hljóðsafninu er tvíþættur, að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hægt er að hlusta á hljóðrit í höfundarrétti í tölvum á 1. og 4.h., en efni sem komið er úr höfundarrétti er í opnum aðgangi á netinu. Í árslok voru í Hljóðsafni afrit af tónlistardiskum frá fyrstu sjö árum íslensku geisladiskaútgáfunnar (1987–1993) og eitthvað af nýrri útgáfu, en jafnt og þétt bætist í safnið. Í árslok var komin 17.491 hljóðskrá með tónlist í safnið og þar af var 141 í opnum aðgangi (komið úr höfundarrétti) og skiptast þær þannig:

Af 78 snúninga hljómplötum	528
Af geisladiskum	16.462
Af netinu	<u>501</u>

Alls 17.491

Áhersla er lögð á að afrita elstu hljóðritin og efni sem varðveitt er á viðkvæmum geymslumiðlum s.s. diskum, segulböndum og snældum.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Meginhlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera safnkostinn aðgengilegan. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Miðstöðin á eina myndavél og sex hljóðupptökutæki og eru tækin lánuð út.

Kynningar

Verkefnastjóri Miðstöðvarinnar hélt nokkrar kynningar á starfsemi hennar fyrir nemendahópa úr Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þá var haldin kynning á Miðstöðinni fyrir hóp sem vinnur að verkefninu *Oral history – The cultural heritage of Poland and Iceland captured in human words*. Halldóra Kristinsdóttir skrifaði grein um Miðstöðina sem birtist í tímaritinu *Oral History Journal* haustið 2015. Miðstöðin heldur úti heimasíðunni munnlegsaga.is og Fésbókarsíðu.

Aðföng

Alls bárust miðstöðinni ellefu afhendingar á árinu. Ýmist voru þetta viðbætur við fyrri afhendingar eða ný verkefni. Sem dæmi má nefna upptökur frá fundi

Samtaka hernámsandstæðinga frá árinu 1966 og ýmis viðtöl sem tekin hafa verið í tengslum við náms- og rannsóknarverkefni.

Skráning gagna


Í Miðstöðinni eru nú tæplega 130 söfn. Unnið hefur verið að skráningu þeirra á árinu í því skyni að gera gögnin aðgengilegri. Lýsingar á söfnum eru skráðar inn á vefinn einkaskjöl.is. Í lok árs 2015 voru 90 söfn skráð inn á þann vef. Einnig er unnið að því að skrá hljóðskrár og gera þær aðgengilegar á vefnum hljodsafn.landsbokasafn.is og voru 378 hljóðskrár Miðstöðvarinnar komin þar inn í lok árs 2015.

Fagráð

Breyting var gerð á skipan fagráðs miðstöðvarinnar á árinu. Fækkað var úr fimm meðlimum í þrjá og nýtt fagráð skipað til þriggja ára. Frá vori 2015 sitja í fagráðinu Guðni Th. Jóhannesson, formaður, fyrir hönd Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Unnur María Bergsveinsdóttir, fyrir hönd Sagnfræðingafélags Íslands og Örn Hrafnkelsson, fyrir hönd Lbs-Hbs. Fagráðið tekur þátt í stefnumótun miðstöðvarinnar og veitir ráðgjöf um verkefnaval, fagleg málefni og að afla sértekna til einstakra verkefna. Unnur María sótti ráðstefnuna *Oral History – Usage and Methodology* sem haldin var í Wrocław í Póllandi 4. des.



Að störfum í nýju þjónustborði á 2. hæð.



Nýtt þjónustuborð var opnað á 2. hæð í árslok.

ÞJÓNUSTA OG MIÐLUN

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun safnkosts og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, millisafnalán, almenn upplýsingaþjónusta á 2., 3. og 4.h., safnfræðsla, umsjón með ritakosti og lesrýmum á 3. og 4. hæð, úthlutun lesherbergja, námsbókasafn, varðveisla lokaritgerða, Skemman og Landsaðgangur. Í árslok störfuðu 23 á sviðinu, en ársverk voru 18.11. Auk sviðsstjóra voru 16 starfsmenn í 13.31 ársverkum og 5 nemar í 2.8 ársverkum. Sviðsstjóri er Áslaug Agnarsdóttir.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG NOTENDAFRÆÐSLA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar og leiðsögn um notkun rafræna gagna, bæði í síma og á staðnum, var svipuð og undanfarin ár. Af þeim 1.483 fyrirspurnum sem bárust upplýsingaþjónustu voru 706 teknar til nánari úrvinnslu en 777 var beint annað. Fyrirspurnir voru 5% færri en 2014.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur hefð myndast fyrir kynningum í mörgum deildum. Einkum er um að ræða frumkynningar þar sem þjónusta og aðstaða í safninu er kynnt ásamt vef safnsins og safnagáttinni *leitir.is*, og framhaldskynningar þar sem farið er nánar í helstu skref heimildaleitar og leitar-tækni í einstökum gagna söfnum. Ennfremur er boðið upp á blandaðar kynningar eða sérsniðnar

að þörfum einstakra hópa, með verklegum æfingum sem hafa mælst vel fyrir. Á haustmisseri var lögð áhersla á að dreifa bæklingum um safnið á kynningarfundum fyrir nýnema og starfsfólk upplýsingaþjónustu tók þátt í nýnemadegi á Háskólatorgi 31. ágúst. Haldnar voru 91 kynning og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 2.887 manns, sem er fjölgun frá fyrra ári. Framhald var á samstarfi við ritver Hugvísindasviðs HÍ með kynningum og námskeiðum, sem voru vel sótt.

Bæklingar og útgáfa

Sjö bæklingar voru uppfærðir og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Þeim er dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri, auk þess sem þeir liggja frammi í safninu þar sem við á.

Áttavitinn

Áttavitinn var opnaður sem ný þjónusta á vef safnsins haustið 2014. Þar er á einum stað aðgangur að leiðarvísun hinna ýmsu fræðigreina og helsta

kynningar- og fræðsluefni safnsins. Í árslok 2015 var aðgangur að 39 leiðarvísu um margvísleg efni.

Aðgangur að stafrænum gögnum

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum, bókum og gagnasöfnum er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og Háskóla Íslands. Prufuáðgangur var um skeið að tímaritum frá Maney Publishing og Cambridge University Press án þess að áskrift væri tekin, gagnasafninu Sport Discus og rafbókum frá Bloomsbury og rafbókum í lögfræði frá University Press Scholarship Online.

Fyrir utan stafrænt efni sem er í Landsaðgangi var í árslok 2015 sameiginlegur aðgangur með einstökum deildum HÍ að eftirfarandi gagnasöfnum:

ACM Digital Library

AnthroSource

Communication & Mass Media Complete

Emerald Insight

Encyclopedia of Geology

Encyclopedia of Perception

HeinOnline

Idunn.no

IEEEExplore

JSTOR

Karnov Lovsamling

LISA

Lovdata Pro

MathSciNet

MLA,

Oxford Dictionary of the Middle Ages

Palgrave Dictionary of Economics

Philosopher's Index

PROLA

UN Treaty Collection

UNSTATS Common Database

Web Dewey

Westlaw UK, Westlaw International

Women and Social Movements International

Í félagi við aðra var aðgangur að eftirtöldum gagnasöfnum. Tvö fyrstu eru aðgengileg á landsvísu:

ASCE

Compendex

OECDiLibrary

PsycArticles

upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4.h. eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum. Auk þessa er veitt þjónusta í útibúi safnsins í Lögbergi.

Á árinu var tekin ákvörðun um sameiningu borðanna tveggja á 2.h. Málið var undirbúið og m.a. sett upp sjálfsafgreiðsluvél fyrir útlán og nýtt öryggishlið, en vinna við sameiningu borðanna hófst um leið og prófum lauk í desember. Nýtt þjónustuborð var tekið í notkun um áramótin.

Afgreiðslutími

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 9. maí til 30. ágúst og var safnið þá opið 40-44 tíma á viku. Lokað var á laugardögum frá 20. júní til 1. ágúst. Sami afgreiðslutími var einnig yfir jóla og áramót. Afgreiðslutíminn var lengdur þrjár helgar um 6 tíma á viku vegna prófa í apríl/maí og í nóvember/desember.

Ritakostur

Flest rit á 3. og 4.h. safnsins eru á opnu rými en hluti ritakostsins er í útibúum, geymslum í kjallara Bókhöðunnar og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1915, tímarit, handbækur, barnabækur, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Útlán og innheimta

Útlánum fækkaði á árinu en lítil breyting varð á útlánum milli hópa. Virkir lánþegar voru í lok árs 14.152 (4.893 karlar og 9.121 konur, 138 ótilgreindir eftir kyni). Tölvuskráð útlán voru 40.156, en (96.098) ef endurnýjanir eru taldar með. Tala innan sviga miðast við endurnýjanir. Útlán skiptast þannig:



Starfsfólk safnsins	1.871	(4.515)
Kennarar og starfsfólk HÍ	4.139	(20.125)
Nemendur við HÍ	27.001	(51.629)
Aðrir háskólanemar	1.414	(2.722)
Nemar í framhaldsskólum	297	(367)
Fræðimenn	1.068	(2.348)
Almennir lánþegar	3.857	(6.517)
Önnur söfn/gestir	509	(544)

Allir nemar Háskóla Íslands voru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá eins og árið áður. Á eftirfarandi kökuriti sjást helstu lánþegahópar og hvernig útlán skiptast milli þeirra. Innheimta vanskilagagna gengur vel eftir að samstarf hófst við Motus á Íslandi. Ný verklagsregla um innheimtu vanskila var innleidd í byrjun árs.

ÚTLÁN

Notendabjónusta – afgreiðsla

Vaktstöðvar þjónustusviðs eru fimm. Á 2.h. er almenn afgreiðsla í útlánaborði og sérhæfð upplýsingabjónusta í upplýsingaborði. Á 3.h. veittar



Útgáfa

Nokkur útgáfa á bæklingum með upplýsingum handa safngestum er innan sviðsins á ári hverju.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4.h. er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 42.

Lesrými

Í safninu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins eða nota aðstöðuna með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4.h. er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 25 til 30 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls sóttu 149 safngestir um aðstöðu í lesherbergjum, en 95 gestir fengu úthlutað á árinu. Þar af voru 7 doktorsnemar (7.4%), 81 nemi í meistaranámi (85.2%) og 7 safngestir sem unnu að öðrum fræðistörfum og rannsóknarverkefnum eða ritstörfum (7.4%). Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í þrjá og hálfan mánuð.

Auk þess eru tvö stærri lesherbergi og eru þau ætluð fötluðum eða sjónskertum til almennrar notkunar. Annað er einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef það er laust.

Áberandi fleiri konur en karlar nýttu sér lesherbergin á árinu eins og fyrri ár, karlar nýttu lesherbergin í 94 mánuð á árinu, en konur í 218 mánuði.

MILLISAFNALÁN

Heildarfjöldi beiðna árið 2015 var 2.867, af þeim voru afgreiddar 2.463 beiðnir (86% af heildarfjölda beiðna). Heildarfjöldi beiðna árið 2014 var 3.276 og því er 12% samdráttur milli ára.

Úr safnkosti voru samtals afgreidd 647 gögn árinu. Af því voru 352 greinar. Afgreiddar greinar til annarra safna voru 195, þar af 187 til íslenskra safna. Afgreiddar greinar í greinaþjónustu til starfsmanna HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega voru 157. Afgreiddar bækur úr safnkosti Lbs-Hbs til annarra safna voru 295, þar af fóru 268 til innlendra safna og 27 til erlendra safna.

Safninu bárust alls 1.816 gögn á árinu frá öðrum söfnum, þar af voru 1.013 bækur og 803 greinar. Flestar greinar komu frá þýsku greinaþjónustunni Subito eða 401 (50%) en annars eru Norðurlöndin helstu birgjar, 112 (14%) frá Finnlandi og 142 (17%) frá hinum Norðurlöndunum. Bækur koma mikið til frá innlendum söfnum og Norðurlöndunum. 261 (25%) bók barst frá innlendum söfnum, 300 (30%) frá Danmörku, 188 (19%) frá Svíþjóð og 98 (10%) frá Noregi. Það er aðeins í 16% tilvika sem leita þarf út fyrir Norðurlöndin við útvegum bóka og er þá helst leitað til Þýskalands eða Bandaríkjanna. Samdráttur er 14%.

Ef millisafnalán og greinaþjónusta eru greind eftir kyni þá bárust 1.129 (53%) beiðnir frá konum og 986 (47%) beiðnir frá körlum. Ótilgreint er 348.

Sigurgeir Finnsson var ráðgjafi á námsskeiði um millisafnalán í Landskerfi bókasafna á vordögum.

NÁMSBÓKASAFN

Hlutverk námsbókasafns er að taka frá bækur, ljósrít og annað efni sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við námskeið sem eru kennd við skólann. Efnið er sett í

merktar hillur og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4.h. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Æ fleiri kennarar velja að hafa efnið aðeins til notkunar á staðnum, en þá hafa fleiri kost á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út.

Á vormisseri voru skráð 110 námskeið og á haustmisseri 120. Ótalin eru námskeið þar sem aðeins er um að ræða bækur eða DVD diska sem kennarar koma með og eiga sjálfir, eða ítarefni í möppum frá kennurum. Þá voru einnig settir í námsbókasafnið 184 DVD diskar sem voru merktir námskeiðum, aðallega í kvikmyndafræði. Diskar og spólur eru að öllu jöfnu ekki lánuð út en kennarar hafa skilað inn nemendalistum í kvikmyndanámskeiðum og geta þeir nemendur fengið kvikmyndir lánaðar ýmist í 3ja daga lán eða dægurlán eftir fyrirætlum viðkomandi kennara.

Kennarar á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu var fjöldi námskeiða eftir sviðum þannig:

Félagsvísindasvið	93
Heilbrigðisvísindasvið	9
Hugvísindasvið	117
Menntavísindasvið	4
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4
Endurmenntun HÍ	2

Eintök í námsbókasafni voru 2.874 á vormisseri og 2.908 á haustmisseri.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir aðgang að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Efnið er aðgengilegt á *hvar.is*, í Gegni og Leitum, á Google, Google Scholar og víðar. Á *hvar.is* eru einnig veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim, samninga við útgefendur, kostnað og greiðslur. Fimm manna stjórnarnefnd tekur þátt í stefnumótun, ákvarðanatöku um val á efni og skiptingu greiðslna. Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Í stjórnarnefnd 2015 voru Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Baldvin Zarióh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, Pálína Magnúsdóttir, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sólveig Þorsteinsdóttir, varamaður Anna Sigríður Guðnadóttir.

Þegar búið er að taka tillit til áætlaðrar skörunar á milli safna má gera ráð fyrir að í Landsaðgangi hafi

verið aðgangur að texta tæplega 20 þúsund tímarita. Í s.k. tímaritasöfnum var aðgangur að 4.707 tímaritum í fullum texta. Talsverð skörun er á titlum í *EBSCOhost Premier* og *ProQuest Central* gagnasöfnunum sem og við tímaritasöfnin. Ætla má að aðgangur hafi verið að um 15 þúsund tímaritatitlum hjá *EBSCOhost* og *ProQuest*. Þá var einnig aðgangur að 9.217 raðbókum.

Notkun tímarita-, sam-, gagna- og raðbókasafna, að greinasafni Morgunblaðsins undanskildu, dróst saman um 1,43% á árinu. Auk hins eiginlega Landsaðgangs er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað. Nánari upplýsingar er að finna í árskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is*.

SCOAP3

Ákveðið var að taka þátt í SCOAP3 (Sponsoring Consortium for Open Access Publishing in Particle Physics), sem er verkefni um opinn aðgang að greinum í tíu tímaritum á sviði kjarneðlis-öreindafræði á vegum CERN stofnunarinnar í Sviss. Landsaðgangur tekur þátt í því árin 2015 og 2016. Ekki er um beinan sparnað að ræða heldur er litið á þátttöku í SCOAP3 sem stuðning vegna þróunar á opnum aðgangi.

LOKARITGERÐIR - SKEMMAN

Safnið varðveitir eldri lokaritgerðir nemenda við HÍ að undanskildum ritgerðum nemenda Menntavísindasviðs, en þær eru varðveittar í bókasafni sviðsins. Ritgerðir í pappírsformi eru geymdar á 3.h. og í kjallara, og eru ekki til útláns. BA og BS ritgerðir eru nú settar í Skemmuna og þar er rafrænn aðgangur að þeim. Skemman er einnig tengd við *leitir.is* þannig að hægt er að leita að ritgerðunum þar og komast beint í þær.

Skemman

Skemman er varðveislusafn fyrir lokaritgerðir og rannsóknarit allra íslenskra háskóla, en safnið er rekið af Lbs-Hbs. Alls voru um 24.000 verk í Skemmuni um áramót, en sjá má töflu yfir öll skil í Skemmuna á árunum 2012-2015 á bls. 46.

Skil Háskóla Íslands í Skemmuna

Alls skiluðu nemendur og akademískir starfsmenn Háskóla Íslands 2.245 (2.196) skjölum í Skemmuna á árinu. 1.951 (2.087) ritgerðum og rannsóknarverkefnum var skilað af nemendum og skiptist fjöldinn á sviðin eins og hér segir (2014 innan sviga):

Félagsvísindasvið	806 (844) ritgerðir,
Heilbrigðisvísindasvið	260 (343) ritgerðir,
Hugvísindasvið	356 (406) ritgerðir,
Menntavísindasvið	339 (298) ritgerðir,
Verkfr.- og náttúruv.svið	190 (196) ritg. og ranns.,
Akademískir starfsmenn	158 (109) ritg. og ranns.

Ef námsstig er skoðað nánar var skiptingin þessi:

Ritgerðir í grunnnámi	1.074 (1.139)
Rannsóknarverkefni	11 (16)
Meistaraprófs- og kandidateitritg.	867 (889)
Doktorsritgerðir	45 (43)

Nokkur munur er á milli sviða varðandi skil doktorsritgerða í Skemmuna. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði var 25 doktorsritgerðum skilað inn, en aðeins einni ritgerð var skilað inn á Félagsvísindasviði. Þar sem þessar tölur endurspeglar ekki fjölda útskrifaðra doktora við Háskóla Íslands er brýnt að háskólinn setji strangari reglur um skil doktorsritgerða.

Þrjátíu og átta erindum *Þjóðarspegilsins* var skilað inn í Skemmuna. Níutíu greinum úr tímaritinu *Stjórnmál og stjórnsýsla* var einnig skilað inn.

ÚTIBÚ

Safnið starfrækir nokkur útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Þeim hefur farið fækkandi undanfarin ár. Þjónusta er einungis í Lögbergi hluta úr degi á virkum dögum. Í öðrum útibúum er aðeins um að ræða umsjón sem felst í eftirlitsferðum eftir þörfum. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í þjóðarboðhlöðu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Bókastofa Hugvísindastofnunar, 3.h. Nýja Garði. Lokað handbókasafn kennara á Hugvísindasviði.

Bókastofa í stærðfræði og eðlisfræði, Tæknigarði. Lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi í raunvísindadeild.

Bókastofa lyfjafræðideildar, Haga við Hofsvallagötu. Handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Bókasafn lagadeildar, Lögbergi. Opið daglega.

Bókastofa Raunvísindastofnunar, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna.



Kathryn Haley-Halinski var fyrsti safngesturinn sem notaði nýju sjálfsafgreiðsluvélina fyrir útlán.

ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar tölur um notendur og þjónustu við þá. Einnig tölur um safnkost, aðföng og ýmsa rekstrarþætti, svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, um starfsmenn og fjárhag safnsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu tölfræði undanfarin ár, bæði til einföldunar og í takt við breytta starfsemi safnsins. Í ár er einnig höfð hliðsjón af staðlinum *International Library Statistics*, ISO 2789:2013, en unnið verður að því að breyta tölfræðinni til samræmis við hann á næstu árum. Þá eru teknar inn tölur um safnkost sem unnar eru af Landskerfi bókasafna úr Gegni og aukin áhersla er á kyngreiningu upplýsinga.

1. STARFSSTÖÐVAR OG ÚTIBÚ

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslendinga, sem voru 332.529 þann 1. janúar 2016, en safnið þjónar einnig öðrum sem til þess leita. Það er jafnframt bókasafn Háskóla Íslands en þar voru skráðir 12.707 nemendur árið 2015.¹ Safnið er ein stjórnunareining, en starfsemi og safnkostur er á eftirtöldum stöðum:

Þjóðarbobókhláða, Arngrímsgötu 3 í Reykjavík	1	
Varaeintakasafn í Reykholti í Borgarfirði	1	
Geymsla í Mjódd í Reykjavík		1
Gagnageymsla hjá Verne Global í Keflavík	1	
Gagnageymsla hjá Advania Thor í Hafnarfirði	1	
Útibú og lesstofur í Háskóla Íslands	5	
Alls	10	

2. ÞJÓNUSTA OG NOTKUN

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nýta sér þjónustu þess á netinu. Lesendur á lessal handritasafns og Íslandssafns eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja alla þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir að degi til, á kvöldin og um helgar fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru allt að 300 notendur á 3. og 4.h. þegar flest er.

2.2 LÁNÞEGAR

	2012	2013	2014	2015
Nemar HÍ ²	13.311	13.720	12.887	12.707
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	657	990	416	373
Nemar utan HÍ	297	342	290	304
Aðrir lánþegar	930	681	573	771
Samtals	15.195	15.733	14.166	14.155

¹ Þetta eru nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands.

² Allir nemar við HÍ eru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans. Aðgerðin sparar mikla vinnu, en ekki er hægt að aðskilja virka og óvirka lánþega.

2.3 ÚTLÁN

	2012	2013	2014	2015
Útlán – Þjóðarbókhlaða og útibú				
Stúdentar HÍ	37.678	34.629	31.892	27.001
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	6.671	2.006	5.967	6.010
Nemar utan HÍ	2.920	5.990	1.920	1.711
Aðrir lánþegar	7.082	6.126	5.343	5.434
Endurnýjanir ³				57.942
Samtals	54.351	48.751	45.122	90.098
Íslandsefni lánað á lestrarsal	5.635	4.545	5.186	4.346
Handrit lánuð á lestrarsal	2.780	2.342	2.346	2.102
Tón- og myndsafrn				
Hljóðrit - útlán	51	48	41	64
Myndefni - útlán	1.222	1.075	776	621
Tölvugögn - útlán	35	28	22	16
Nótur - útlán	125	163	99	90
Hljóðrit - hlustun	168	160	147	112
Myndefni - áhorf	254	252	224	186
Samtals	10.270	8.613	8.841	7.537
Heildarútlán	64.621	57.364	53.963	97.635

2.4 MILLISAFNALÁN

	2012	2013	2014	2015
Til bókasafnsins				
Bækur o.fl.	1.178	1.157	1.101	1.013
Greinar - ljósrit	1.170	917	1.002	803
Frá bókasafninu				
Bækur o.fl.	440	391	365	295
Greinar - ljósrit	312	517	418	352
Samtals	3.098	2.982	2.886	2.463
Millisafnalán til handritasafns	24	3	0	3
Millisafnalán frá handritasafni	70	52	27	62
Samtals í handritasafni	94	55	27	65
Millisafnalán í heild	3.194	3.037	2.913	2.593

2.5 UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA - FYRIRSPURNIR AFGREIDDAR

	2012	2013	2014	2015
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur	566	479	435	544
Í síma eða á staðnum	193	324	214	162
Heimildaleitir	47	47	45	40
Tón- og myndsafrn	15	36	27	31
Íslandssafn	17	19	25	32
Kvinnasögusafn (heimsóknir og fyrirspurnir)	277	398	305	465
Miðstöð munnlegrar sögu	25	26	20	23
Samtals	1.140	1.329	1.071	1.297

³ Endurnýjanir koma nú skýrar fram í tölum frá Landskerfi bókasafna. Talsverð vinna getur fylgt endurnýjunum og því eru þær tölur teknar með, en endurnýjanir eru fleiri en útlánin sjálf.


2.6 PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2012	2013	2014	2015
Prentun	338.067	217.577	102.050	127.670
Ljósritun	175.372	183.127	70.499	73.575

2.9 VIÐBURÐIR

	2012	2013	2014	2015
Sýningar	11	11	11	13
Málþing				18
Samtals				31

2.10 FJÖLDI GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2014 TIL 2015



2.10 LESTRARSALUR HANDRITASAFNS OG ÍSLANDSSAFNS 1.H.

Fjöldi gesta	2012	2013	2014	2015
Samtals	5.353	4.190	3.977	3.580

2.10 LEIGA LESHÉRBERGJA (MÁNUÐIR)

Fjöldi mánaða	2012	2013	2014	2015
Samtals	317	297	298	312

2.11 LEIÐBEININGAR OG SAFNKYNNINGAR

	2012	2013	2014	2015
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	996	1.027	1.386	1.634
Framhaldskynningar fyrir HÍ	736	841	1.146	864
Aðrar kynningar - þar af á Endnote 326	81	5	25	389
Samtals	1.813	1.873	2.557	2.887
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	46	42	38	45
Framhaldskynningar fyrir HÍ	47	23	39	28
Aðrar kynningar - þar af Endnote 15	4	1	2	18
Samtals	97	66	79	91

2.12 NOTKUN Á RAFRÆNUM GÖGNUM OG ÞJÓNUSTU

	2012	2013	2014	2015
Sóttar greinar og bókarkaflar í Landsaðgangi ⁴	1.261.809	1.177.235	1.243.885	1.134.048
Sóttar greinar í gagnasafn Morgunblaðsins	2.598.155	2.009.862	1.771.220	1.610.026
Sóttar greinar í séráskriftum HÍ ⁵	90.513	110.030	83.343	96.822
Samtals sóttar greinar og bókarkaflar	3.950.477	3.297.127	3.098.448	2.840.896

2.13 HEIMSÓKNIR Á VEFI SAFNSINS

	Heimsóknir		Síðuflettingar	
	2014	2015	2014	2015
timarit.is	1.042.669	1.011.043	5.938.818	5.841.677
skemman.is	533.616	559.178	2.194.067	2.294.651
landsbokasafn.is	112.102	110.648	269.165	262.588
hvar.is (Landsaðgangur)	68.045	57.073	125.758	103.647
inngangur.landsbokasafn.is	56.064	55.409	134.285	149.817
vefsafn.is	61.447	54.292	352.216	264.686
handrit.is	48.950	51.667	241.421	271.527
bækur.is	24.978	29.198	319.479	359.479
rafhladan.is	15.978	21.922	71.667	69.333
jonashallgrimsson.is	18.409	20.914	43.264	49.104
kvennasogusafn.is	9.333	15.442	19.278	30.607
islandskort.is	13.109	12.659	49.577	49.390
hask.landsbokasafn.is	8.933	9.240	58.909	60.915
einkaskjol.is	1.220	5.091	9.379	30.411
utgafuskra.is	3.256	4.313	8.645	8.507
lykilskra.landsbokasafn.is	4.073	3.922	29.620	19.535
sagas.landsbokasafn.is	1.709	2.740	9.852	7.863
munlegsaga.is	1.888	2.482	5.105	7.073
hljodsafn.landsbokasafn.is	1.759	1.808	28.289	29.109
konurogstjornmal.is		1.806		4.553
doktor.landsbokasafn.is	1.682	1.342	18.778	12.526
bokaskra.landsbokasafn.is	470	1.319	4.586	8.018
Samtals 22 vefir	2.028.470	2.033.508	9.922.779	9.935.016

⁴ Í ársskýrslu Landsaðgangs á vefnum *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

⁵ Erfitt er að nálgast tölur um notkun á sumum séráskriftum HÍ og gögnin eru óstöðug. Listi yfir séráskriftir er á bls. 38.

2.15 SAMFÉLAGSMIÐLAR

	2012	2013	2014	2015
Samfélagsmiðlar – fjöldi færsla				
Fésbók Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn			124	218
Fésbók Handritasafn			54	75
Fésbók Íslandssafn			4	25
Fésbók Tón og myndasafn			12	8
Fésbók Kvennasögusafn			58	48
Fésbók Miðstöð munnlegrar sögu			3	13
Fésbók hvar.is Landsaðgangur			119	78
Fésbók timarit.is			123	600
Fésbók Konur og stjórnmál				97
Fésbók Jónas Hallgrímsson				5
Fésbók bækur.is			18	174
Instagram				64
Twitter			420	1.246
Samtals			935	2.651

3. SAFNKOSTUR

3.2 SAFNEIGN DEILT NIÐUR Á SAFNEININGAR – UNNIÐ ÚR GEGNI⁶

Heildarfjöldi titla	2012	2013	2014	2015
Handritasafn	11.608	15.411	15.933	16.016
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	338.936	343.766	349.984	357.343
Íslandssafn	154.767	158.305	162.385	165.466
Lögberg	9.271	9.026	9.184	9.295
Náttúrufræðihús	1.223	0	4	2
VR II	2.224	2.089	2.082	2.074
Rannsóknasetur HÍ	0	5.454	5.443	5.443
Alls	518.029	534.051	545.015	555.639
Heildarfjöldi eintaka				
Handritasafn	13.549	18.134	18.716	18.792
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	461.015	469.036	477.558	485.884
Íslandssafn	344.531	353.637	364.111	372.156
Lögberg	12.034	11.966	12.034	12.360
Náttúrufræðihús	2.730	0	4	2
VR II	2.383	2.129	2.122	2.113
Rannsóknasetur HÍ	0	6.724	6.724	6.718
Alls	836.242	861.469	881.005	898.025

⁶ Ný tafla með upplýsingum frá Landskerfi bókasafna.

3.2 EINTAKAFJÖLDI EFTIR EFNISTEGUND 2015 – UNNIÐ ÚR GEGNI⁷

Efnistegund	Hand- ritasafn	Lbs-Hbs	Íslands- safn	Lögberg	Náttúrfr. hús	VR II	Setur HÍ	Alls
Blu-ray mynddiskur		212	37					249
Bók	2.227	444.341	306.394	11.065	2	2.108	6.716	772.853
Gagnasett		18	15					33
Geisladiskur CD		557	13.452	3		4		14.016
Geisladiskur/hljóðbók		483	1.673					2.156
Handrit	16.531			1				16.532
Hljómplata		4	5.196					5.200
Hljómplata – hljóðbók			154					154
Innbundin tímarit	16	3.036	7.614	85				10.751
Kort		48	1.379					1.427
Mappa		1						1
MP3-hljóðbók		8	306					314
Myndband		1.615	641	1				2.257
Mynddiskur		3.233	1.093					4.326
Nótur		4.332	4.083					8.415
Rafræn tímarit		1						1
Skyggjur		10	4					14
Snælda		279	2.100					2.379
Snælda/hljóðbók		147	863					1.010
Spil		3	15					18
Tímaritshefti	18	26.684	26.616	1.198				54.516
Tæki			1					1
Tölvugögn		872	382	7		1	2	1.264
Tölvuskra			138					138
Alls	18.792	485.884	372.156	12.360	2	2.113	6.718	898.025

3.2.2 AÐFÖNG

Skylduskil ⁸	2012	2013	2014	2015
Bækur (rit skráð sem bækur) ⁹	5.260	5.306	7.463	5.863
Tímarit (hefti)	6.943	5.539	5.216	5.582
Blöð (tölublöð)	7.125	5.944	6.516	6.172
Ársskýrslur	444	396	173	325
Veggspjöld	268	99	56	177
Landakort	11	18	17	24
Smælki (einingar)	8.026	6.240	8.726	8.666
Hljóðrit ¹⁰	769	356	544	543
Mynddiskar ¹¹	60	29	54	41
Hljóðbækur	180	224	217	66
Margmiðlunardiskar/tölvugögn	8	8	28	0
Stafrænt efni í Skemmunni (fjöldi verka)	2.207	3.938	3.186	3.156
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa)	56	2.105	3.781	1.923
Stafrænt efni í Hljóðsafni ¹²			10.000	7.869

⁷ Ný tafla með upplýsingum frá Landskerfi bókasafna.

⁸ Talin eru þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

⁹ Tölur yfir fjölda eintaka sem tengd voru í Íslandssafn 2015 eru byggðar á árslokatalfræði Landskerfis bókasafna.

¹⁰ Talin eru eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Einnig eiginútgáfa einstaklinga, kóra og hljómsveita.

¹¹ Þ.e. titlar.

¹² Hljóðsafn var opnað fómlega 1. des. 2014 og þá var kominn í safnið talsverður fjöldi hljóðskráa í eigu Lbs-Hbs.

Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2012	2013	2014	2015
Heildarsafnanir	285.703	277.228	295.721	284.525
Vikulegar safnanir	98.171	132.168	132.877	102.371
Atburðasafnanir	1.164	48.513	1.572	2.258
Efni frá Internet Archive 1996-2004		47.000	0	0
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	385.038	504.909	430.170	389.154
Önnur aðföng	2012	2013	2014	2015
Bækur, keyptar	3.287	2.900		
Bækur, keyptar fyrir þjónustusvið			831	640
Bækur, keyptar fyrir Íslandssafn			495	288
Bækur, keyptar fyrir HÍ fræðasvið og deildir			1.205	993
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.574	3.224	5.501	3.467
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs og HÍ	582	598	600	590
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	28	10	7	7
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	300	230	220	170
Eldri árgangar tímarita, gjafir	160	57	131	207
Íslensk tímarit, keypt	104	101	111	113
Íslensk tímarit, gjafir	40	25	25	25
Hljóðrit, keypt fyrir Íslandssafn	136	59	159	80
Hljóðrit, gjafir	24	55	51	143
Mynddiskar, keyptir	319	95	48	
Mynddiskar keyptir fyrir þjónustusvið				48
Mynddiskar keyptir fyrir Íslandssafn				18
Mynddiskar keyptir fyrir HÍ fræðasvið og deildir				40
Mynddiskar, gjafir	36	20	105	275
Hljóðbækur, gjafir	2	3	17	7
Gagnagrunnar, keyptir fyrir Lbs-Hbs, HÍ ofl. ¹³			30	28
Aðföng handritasafns (einingar)	53	87	74	81
Aðföng Kvennasögusafns (einingar)	11	18	10	22
Aðföng Miðstöðvar munnlegar sögu (einingar)	28	23	9	11

4. AÐGANGUR OG AÐSTAÐA

Vetrartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku	80
Sumartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku	40-44
Fjöldi daga sem er opið	320
Fjöldi sæta	700
Fjöldi tölva fyrir notendur - tölvur og kiosk þjónustur	41
Fjöldi titla í samskrá - Gegnir	1.164.188
Fjöldi eintaka í samskrá - Gegnir	5.867.957
Ljósritunarvélar, prentara og skannar	16
Rými í fermetrum	
- Þjóðarþókhlaða	13.000
- Reykholt	851.4
- Geymsla í Mjódd	428

¹³ Lbs-Hbs greiddi hlut eða að öllu leyti fyrir 11 gagnagrunna, og fræðasvið/deildir HÍ greiddu hlut eða að öllu fyrir 26.

5. STJÓRNUN OG REKSTUR

5.3 ÚTGÁFA

	2012	2013	2014	2015
Kynningarefni				
Nýir bæklingar	7	12	0	0
Endurútgáfa bæklinga	23	22	20	7
Síður í Áttavitanum			20	19
Sýningarskrár			4	4
Samstarfsverkefni - Utangarðs og Sjónarhorn				2
Bæklingar			1	2
Skýrsla - Stafræn menning				1
Samtals	30	34	40	35

5.4 FORVARSLA OG BÓKBAND

	2012	2013	2014	2015
Bókbandsverk - einingar	43.275	44.066	48.498	44.315

5.5 STAFRÆN ENDURGERÐ

Prentað efni (fjöldi blaðsíðna)	2012	2013	2014	2015
Blöð og tímarit	316.188	163.275	154.065	104.002
Bækur	54.670	84.545	17.759	67.731
Handrit	21.097	15.974	30.247	38.240
Íslandskort	939	190	0	0
Ekki til birtingar á vefjum safnsins	31.118	3.492	2.300	0
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn			2.091	4.631
Einkaskjöl				198
Fyrir Rafhlöðuna				95
Samtals fjöldi blaðsíðna	424.012	267.466	206.462	214.897
Hljóðefni (fjöldi hljóðskráa)				
Hljóðskrár - tónlist				17.491
Hljóðskrár - viðtöl				378
Samtals fjöldi hljóðskráa				17.869

5.6 ALPJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2012	2013	2014	2015
Fjöldi stakra númera	25	46	117	112
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	88	56	71	70
Fjöldi stakra númera	214	228	220	207
ISMN-nótunúmer¹⁴				
Fjöldi númeraraða		6	6	3
Fjöldi stakra númera		4	4	3

¹⁴ Alþjóðlega nótunúmerakerfið ISMN var innleitt í janúar 2013.

6. TEKJUR OG GJÖLD

6.2 REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2012	2013	2014	2015
Laun	425.890	433.369	479.552	528.066
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	297.469	307.702	292.008	302.841
Önnur gjöld	241.158	236.704	247.473	271.666
Samtals	964.517	977.775	1.019.033	1.102.573
Hlutfallstölur	2012	2013	2014	2015
Laun	44.2	44.3	47.1	47.9
Ritakaup	30.8	31.5	28.7	27.5
Önnur gjöld	25.0	24.2	24.2	24.6

6.3 REKSTRARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2014	2015
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	42.310	40.349
Innheimt vegna Landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	118.166	122.114
Aðrar tekjur	67.523	71.227
Af fjárlögum	811.623	860.600
Samtals	1.039.622	1.094.290
Gjöld		
Laun	479.552	528.066
Rekstur húsnæðis	128.852	144.705
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	69.558	72.379
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	222.450	230.462
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	23.443	28.181
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	35.060	34.189
Önnur gjöld	60.118	64.591
Samtals	1.019.033	1.102.573
Rekstrarafgangur / - halli	20.589	- 8.283

7. STARFSFÓLK

7.2 YFIRLIT YFIR ÁRSVERK SKIPT Á STARFSEININGAR OG EFTIR MENNTUN

Ársverk skipt á starfseiningar	2012	2013	2014	2015
Aðföng og skráning	17.63	18.13	19.13	21.25
Miðlun og rafrænn aðgangur	8.50	9.75	9.20	0
Rekstur og upplýsingatækni	13.05	12.00	12.25	13.25
Varðveisla og stafræn endurgerð	17.32	18.00	18.15	17.55
Þjónusta og miðlun ¹⁵	12.88	10.90	11.70	18.11
Samtals ársverk	69.38	68.78	70.43	70.16
Flokkun starfsmanna (ársverk)				
Bókasafnsfræðingar	24.30	23.55	26.15	27.10
Aðrir háskólamenntaðir	21.45	21.43	19.43	17.30
Aðrir bókaverðir	11.48	10.90	11.70	12.61
Aðstoðar- og skrifstofufólk	3.00	4.00	3.25	3.25
Iðnmenntaðir	9.15	8.90	9.90	9.90
Samtals ársverk	69.38	68.78	70.43	70.16

¹⁵ Miðlunarsvið og Þjónustusvið voru sameinuð í maí 2015. Starfsfólk af Miðlunarsviði færðist einnig til Aðfangasviðs og Rekstrarsviðs.

	2012	2013	2014	2015
Starfsmenn				
Karlar	34	31	29	31
Konur	46	44	51	47
Samtals	80	75	80	78
Skráðir lánþegar				
Karlar				4.893
Konur				9.121
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki				138
Samtals				14.152
Millisafnalán og greinaþjónusta		2013	2014	2015
Karlar		1.115	930	986
Konur		1.432	1.185	1.129
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki		435	771	348
Samtals		2.982	2.886	2.463
Gestir á lestrarsal 1. h.				
Karlar	3.718	2.925	2.703	2.444
Konur	1.635	1.265	1.274	1.136
Samtals	5.353	4.190	3.977	3.580
Leiga lesherbergja (mánuðir)				
Karlar	68	60	71	94
Konur	249	237	227	218
Samtals	317	297	298	312
Umfjöllunarefni sýninga				
Karlar				5
Konur				2
Ótilgreint, hlutir, stofnanir, fyrirtæki				6
Samtals				13
Erindi á málþingum				
Karlar				17
Konur				10
Samtals				27
Kjörgripur mánaðarins				
Karlar				7
Konur				5
Samtals				12

¹⁶ Aukin áhersla er á kyngreiningu tölfræðiupplýsinga.

